KRÍTÍK

KYNNINGAREINTAK

HELGIN 4.-6. JÚNÍ 2010 1. TBL. 1. ÁRGANGUR

# Að rýna til gagns



MYND BILLI/KRÍTÍK

## LEIÐARI

MÁLFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR FRIDA@KRITIK.IS

Stundum er sagt að fjölmiðlar séu brúin milli demos og kratos, brúin milli lýðsins og ræðisins. Fjölmiðlar eru upplýsingaveitur. Blaðamennirnir sem á þeim starfa eru meira en það. Blaðamaður kynnir á mannamáli það sem gerist bæði á efstu hæðum og í kjallaranum, rýnir í reyk hinna margumræddu bakherbergja, setur í samhengi og – umfram allt setur spurningarmerki. Vönduð blaðamennska verður því að byggja á hugsjón.

Rannsóknarskýrsla Alþingis var nauðsynlegur og langþráður liður í uppgjöri þjóðar sem situr í sárum. Í siðaviðbót skýrslunnar var bæði fjölmiðlum og háskólasamfélagi sýndur vöndurinn. Raddir þeirra voru of veikar, gagnrýnin of mild, hlutverk þeirra í besta falli óljóst. Meðal annars kemur þar fram að vinnuhópur um siðferði telji fulla ástæðu til að „rannsaka sérstaklega samskipti eigenda fjölmiðla og fjölmiðlamanna." En jafnvel þegar eigendurnir halda sig í bakgrunni er á tímum frímiðla erfitt að treysta fyllilega á fagmennsku og óháða rýni.

Nýlega komu fram tölur um að nú væru upplýsingafulltrúar orðnir jafn margir og blaðamenn hér á landi. Þessar tölur ættu ekki að koma á óvart. Þær eru mjög í takt við þróun sem á sér stað á Vesturlöndum almennt. Nýjustu fréttir eru ekki lengur söluvara, heldur fáum við þær jafnóðum og þær gerast, hvert sem er, hvenær sem er, frítt. Í flaumi ókeypis frétta eru blaðamenn dýrir í rekstri og þeim hefur verið fækkað, samhliða því að æ fleiri fyrirtæki, stjórnmálamenn og fyrirfólk hefur séð hag sinn í að ráða til sín fólk í fullar stöður við að velja þær upplýsingar sem frá þeim koma.

Í straumi óritskoðaðra frétta sem flæða inn í tölvuna hjá okkur er oft erfitt að fóta sig. Tilgangur þessa blaðs verður ekki að reiða fram fréttir, heldur að fjalla um þær, skýra og skapa umræður. *Krítík* á að koma út einu sinni í viku, á föstudögum og er þannig hugsuð sem viðbót í fjölmiðlaflóruna. Fastir liðir verða meðal annars fréttaskýringar og umfjöllun á innlendum og erlendum málefnum líðandi stundar, ljósmyndafrásagnir, greiningar og vangaveltur fræðimanna og listamanna, gagnrýni og viðtöl. Stefnan er að gefa út þrælpólitískt en algerlega óflokksbundið blað, sem skoðar málefnin frá mörgum hliðum, spyr einfaldra spurninga og veitir heiðarleg svör.

Þetta er kynningareintak. Í það hefur hópur blaðamanna, ljósmyndara, listamanna og hugsuða lagt til krafta við að setja saman fjölbreytt og athyglisvert blað. Næsta blað kemur ekki fyrr en í haust, þegar við hefjum vikulega útgáfu. Í millitíðinni ætlum við að safna fjármagni til rekstursins. Eignaraðild einstaklinga verður hámörkuð við 5%, að auglýsingar taki aldrei meira en fjórðung af síðuplássi blaðsins og að áskriftarsala borgi laun blaðamanna. Það eru þær forsendur sem við gefum okkur fyrir því að geta kallað blaðið óháð.

*Krítík* er samfélagstilraun. Á bakvið stendur fjölbreyttur hópur fólks, sem langar að stuðla að útgáfu blaðs sem er okkar allra. Fjölmiðil sem er rekinn af skynsemi, án beinna tengsla við hagsmunahópa og sem nálgast viðfangsefni sín faglega, af opnum huga og gagnrýnu auga. Forsendur þess er að við vinnum náið með og í lifandi samræðum við lesendur. Kynnið ykkur málið á kritik.is. Látum í okkur heyra! K

**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR Í VIÐTALI BLS. 6&8**

„Við höfum ekki byggt upp lýðræðislegt kerfi sem inniheldur þessa umræðuhefð. Það er kannski fyrst núna sem hún er að fara af stað."

**FRIÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON BLS. 10-11**

„En fjölmiðlastéttin var svo sem í krísu fyrir „Hrunið", þótt annars konar hafi verið. Í bullandi góðærinu endurspegluðu fjölmiðlarnir góðærið en hugðu á lítinn sem engan hátt að undirstöðu góðærisins."

**AUÐUR JÓNSDÓTTIR BLS. 14**

„Þessa dagana treður landinn marvaðann í ausandi fréttaflaumi, löngu búinn að gleyma að fjölmiðlarnir eiga ekki okkur heldur við þá. Þá segir einhver, Abbababb! Fréttablaðið og Morgunblaðið, lúta þau ekki yfirráðum aðalsöguhetjanna í sannleiksskýrslunni, hvort með sínum hætti?"

**ÞRÖSTUR HELGASON BLS. 20-21**

„Þeir eru eins konar meltingarfæri, hluti af meltingarveginum í samfélagslíkamanum. Með því að taka þetta líffæri úr líkamanum eða skerða starfsgetu þess er augljóslega verið að bjóða hættunni heim, næringin skilar sér ekki jafnvel út í líkamann."

BAKGRUNNUR

# Spennan milli Suður- og Norður-Kóreu

Í lok mars sökk suður-kóreskt herskip á svæði milli Suður- og Norður-Kóreu. Rannsóknarnefnd sem skipuð var Bandaríkjamönnum, Áströlum og Svíum komst að þeirri niðurstöðu að mjög líklega hafi suður-kóreska herskipinu verið grandað af norður-kóreskum smákafbáti. Í kjölfarið hefur spennan milli Kóreuríkjanna tveggja magnast. Deilur milli þessara tveggja nágranna eru þó ekki nýjar af nálinni, heldur eru þær reglulegur viðburður og spinnast saman við sögu ríkjanna frá lokum Kóreustríðsins.




ÞORSTEINN ÁSGRÍMSSON MELÉN

## HELSTU ATBURÐIR FRÁ SEINNI HEIMSTYRJÖLD

- **1945** – Japanir missa yfirráð yfir Kóreu, Bandaríkin og Sovétríkin skipta landinu upp í áhrifasvæði
- **1948** – Ríkin Norður- og Suður Kórea formlega stofnuð
- **1950-53** – Kóreustríðið
- **1968** – Norður-kóreskir aðilar réðust að forsetahöllinni í Suður-Kóreu
- **1976** – Axarmorðin á JST svæðinu milli ríkjanna
- **1998** – Sólskinsstefnunni komið á fót
- **1999** – Átök milli flota ríkjanna – um 30 létust, allt Norður-Kóreubúar; Norður-Kórea flokkuð sem öxulveldi hins illa af George W. Bush
- **2002** – Önnur átök milli flota ríkjanna, 19 létust.; Norður-Kórea prufar Taepodong-2 langdrægar flaugar og skýtur þeim yfir Japan
- **2006** – Norður-Kórea gerir tilraunir með kjarnorkusprengju.
- **2008** – Íhaldsstjórn kosin í Suður-Kóreu sem leggur af sólskinsstefnuna.
- **2009** – Norður-Kórea gerir aðra tilraun með kjarnorkusprengju. Nokkrar efasemdir á vesturlöndum hvort þetta hafi verið kjarnorkusprengja í raun.
- **2010** – Suður-kóreskt herskip sekkur á svæði milli ríkjanna og Suður-Kórea sakar Norður-Kóreu um að hafa staðið að árásinni.

.Frá 1910 til loka seinni heimstyrjaldarinnar 1945 var Kórea hersetið af Japönum. Eftir stríð skiptu Bandaríkin og Sovétríkin Kóreu niður í áhrifasvæði og var miðað við 38. breiddargráðu. Sovétmenn fengu norður hlutann en Bandaríkin suður hlutann. Sameinuðu Þjóðirnar, sem voru nýstofnaðar á þessum tíma, gáfu út tilskipun þess efnis að boða skyldi til kosninga í Kóreu og koma á lýðræði. Þetta varð einungis raunin í suðrinu þar sem ný stjórn var kosin árið 1948 (það hefur reyndar verið deilt um það hversu lýðræðislegar þær kosningar vegna íhlutunar Bandaríkjanna), en í norðri var komið á kommúnísku einræði undir stjórn Kim Il-sung.

Frá upphafi hefur það verið leynd og ljós stefna ríkjanna beggja að sameina þau aftur. Það hefur aftur á móti verið undir mismunandi formerkjum, þar sem suðrið telur vestrænt markaðskerfi og lýðræði vera réttu leiðina, en norðrið hefur alltaf viljað sameina ríkin tvö undir kommúnískri stjórn. Með þetta að leiðarljósi réðust Norður-Kóreumenn inn í Suður-Kóreu 1950 með aðstoð frá Sovétríkjunum og án andstöðu frá Kína. Á nokkrum mánuðum náði norður-kóreski herinn yfirráðum yfir mest öllum Kóreuskaganum, en með komu bandarískra herdeilda undir stjórn Douglas MacArthur var vörn snúið í sókn og innan tveggja mánaða höfðu Bandaríkin og Suður-Kórea náð yfirráðu á stærstum hluta skagans. Kína blandaði sér þá í málin og að endingu urðu landamærin aftur í kringum 38. breiddargráðu. Kóreustríðið stóð til ársins 1953 og telst til fyrstu raunverulegu stríðsátaka Kalda stríðsins.

Að nafninu til sitja þannig sex ríki við samningaborð og viðhalda friði, Norður- og Suður-Kórea, Kína, Bandaríkin, Japan og Rússland. Síðan Kóreustríðinu lauk hafa þó nokkur atvik hrist upp í samskiptum ríkjanna. Má þar meðal annars nefna aðgerð þar sem norður-kóreskir aðilar réðust að forsetahöll Suður Kóreu 1968, Axarmorðin svokölluðu á sameiginlega öryggissvæðinu milli ríkjanna árið 1976, árekstur milli flota ríkjanna 1999 og 2002, prufuskot Norður-Kóreumanna á langdrægum flaugum yfir japanskt yfirráðasvæði 2006 og kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu 2006 og 2009.

Hingað til hefur ferlið á þessum ógnunum verið nokkuð svipað. Norður-Kórea hefur byrjað á að sýna klærnar og bandalagsríki Suður-Kóreu bregðast við með harðri gagnrýni. Kínverjar mæla venjulega gegn refsiaðgerðir, spennan minnkar og Norður-Kóreu er aftur boðið að samningaborðinu í sex-ríkja hópnum. Þar verður niðurstaðan yfirleitt að Norður-Kórea fái áfram aðstoð í formi matar, orku og eldsneytis gegn því að láta af kjarnorkutilraunum eða smíði flauga. Næst þegar samningar eru brotnir hefst svo sama ferlið aftur.

Þrátt fyrir nokkurn stirðleika og árásargirni hafa líka verið jákvæðar umleitanir og framfarir í samskiptum ríkjanna. Eftir að Kim Dae Jung tók við völdum í Suður-Kóreu 1998 reyndi hann að bæta samskiptin með svokallaðri Sólskinsstefnu (Sunshine Policy). Ættingjum beggja vegna landamæranna var leyft að hittast í fyrsta skipti eftir Kóreustríðið, lestarsamgöngum var komið á (þótt þær hafi lítið verið notaðar), efnahagsleg tengsl voru bætt með uppbyggingu á suður-kóreskum iðnaði norðan megin auk þess sem leiðtogar ríkjanna hittust árið 2000 í fyrsta skipti frá stríðslokum.

Á árunum 1999-2003 voru til dæmis haldnir rúmlega 120 fundir um aukna samvinnu og heimsóknir milli ríkjanna 50 földuðust. Engu að síður jukust útgjöld til hernaðarmála mikið og árangur sólskinsstefnunnar var dreginn í efa af ráðamönnum fyrir sunnan. Kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu 2006 og aukin spenna var einn af áhrifavöldum þess að Lee Myung-bak, forsetaframbjóðandi hægri flokksins í Suður-Kóreu vann kosningar og í framhaldi var sólskinsstefnan aflögð. Það má því áætla að viðbrögð sunnanmanna við ógnunum frá Norður-Kóreu gætu nú verið harðari en áður.

Í framhaldi af atvikinu í mars síðastliðnum hefur fólk velt því fyrir sér hvort hætta sé á alvarlegum stríðsátökum á Kóreuskaga. Í ljósi vilja stórveldanna að koma í veg fyrir slíkt, illa búins og fátæks hers norðanmanna og litlum líkum á annarri útkomu en gífurlegu mannfalli, verður að teljast ólíklegt að til átaka komi. Það sem þetta getur aftur á móti haft í för með sér er aukin varnarsamvinna Suður-Kóreu, Bandaríkjanna og Japan, en á síðustu misserum hafa Bandaríkin dregið sig í auknum mæli út af svæðinu.

Þótt Kína teljist venjulega til bandalagsríkis Norður-Kóreu, er ekki þar með sagt að þeir styðji allt sem norðanmenn gera. Áður var Norður-Kórea mikilvægari sem einskonar stuðpúði (eða buffer-state) gegn vestrænum gildum og markaðshagkerfi, en eftir að Kína opnaðist meira, tók að hluta til upp markaðskerfi og jók samskiptin við Bandaríkin, gegnir Norður-Kórea ekki þessu hlutverki lengur. Kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu hafa t.d. verið í nokkurri óþökk Kína. Viðbrögð Kínverja við síðustu árás hafa borið keim af þessu. Þeir hafa ekki fordæmt árásina beint, en hátt settir embættismenn hafa látið í ljós að stefnubreyting gagnvart Norður-Kóreu gæti verið væntanleg.

Viðbrögð Kína á komandi dögum verða mikilvæg, en Bandaríkjamenn, Suður-Kórea o.fl. hafa þegar aukið viðskiptaþvinganir á Norður-Kóreu. Veikindi Kim Jong-il, foringja Norður-Kóreu, gætu einnig haft nokkuð með tímasetninguna á þessu atviki að gera. Margt bendir til þess að hann sé að undirbúa valdatöku yngsta sonar síns, Kim Jong-un og með árásargjarnri hegðun sé verið að reyna að eyða efasemdum innanlands um veika stöðu ríkisins og meinta ólgu innan kommúnistaflokksins um einhverskonar stefnubreytingu hjá Norður-Kóreu.


MYND GERONIMO AQUINO (CC-BY)

Herskip Suður-Kóreu og Taílands á sameiginlegri æfingu í Taílandsflóa í febrúar 2010.

| | NORÐUR-KÓREA | SUÐUR-KÓREA |
|---|---|---|
| FJÖLDI | 22.750.000 | 50.050.000 |
| HÖFUÐBORG | Pyongyang | Seoul |
| ÆÐSTI VALDHAFI | Kim Ong Il | Lee Myung-bak |
| VLF (Verg landsframleiðsla) | $ 40 milljarðar | $ 1356 milljarðar |
| VLF Á MANN | $ 1900 | $ 28.000 |
| STÆRÐ HERS | 1,2 milljón hermanna | 3,7 milljón hermanna |
| % VLF TIL HERNAÐARMÁLA | Áætlað um 15% | 2,6% |

KRÍTÍK HELGARBLAÐ

Útgáfufélag: Ugginn miðlun ehf., Reykjavík
Framkvæmdastjóri: Helga Edwardsdóttir
Ritstjóri: Málfríður Garðarsdóttir
Myndritstjóri: Brynjar Gunnarsson
Blaðamenn: Ásgeir H. Ingólfsson
Magnús Björn Ólafsson
Hönnuður: Blær Guðmundsdóttir
Stofnendur: Málfríður Garðarsdóttir,
Helga Edwardsdóttir,
Ingunn Gunnarsdóttir
og Olga Eleonora M. Egonsdóttir

WWW.KRITIK.IS
RITSTJORN@KRITIK.IS / ASKRIFT@KRITIK.IS / AUGLYSINGAR@KRITIK.IS
RITSTJÓRN: 820 4313 / ÁSKRIFT & AUGLÝSINGAR: 893 1712



Hér er allra veðra von.
En samt vonar maður.
66 NORTH
Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 Akureyri: Glerártorg Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um allt land
www.66north.is
Klæddu þig vel
66° NORÐUR

# Flóttamenn á hjara veraldar


OMAR ADBI YASSIN - FRÁ SÓMALÍU


TARIQ GONDAL - FRÁ PAKISTAN

MYNDIR BILLI/KRÍTÍK


SHOI KULWANT SINGH - FRÁ INDLANDI


DICKSON JACKSON - FRÁ NÍGERÍU

MAGNÚS BJÖRN ÓLAFSSON MAGNUS@KRITIK.IS

Talið er að um sjötíu milljónir manna séu á flótta í heiminum í dag. Nokkrir þessara flóttamanna dvelja í gistiheimilinu Fit hostel, við Fitjabraut í Njarðvík. Þeir hafa hrakist heimshorna á milli, sumir á vergangi, og bíða þess að hælisumsóknir þeirra hljóti málsmeðferð.

„Ísland er eyja í miðju Atlantshafi. Ég gat ekki hugsað mér öruggari stað“, segir Tariq sem flúði frá Pakistan undan ofsóknum Talíbana. Hann er einn margra sem bíða á milli vonar og ótta eftir því að íslensk stjórnvöld taki ákvörðun um örlög hans.

Samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna á hugtakið „flóttamaður“ við um þann sem „er utan heimalands síns ... og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagasmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana ... getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða þann, sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann hafði reglulegt aðsetur, ... og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa aftur þangað.“ Á meðan landflótta manneskja bíður þess að fá viðurkenningu opinberra aðila á stöðu sinni hlýtur hún nafnbótina „hælisleitandi“.

Fit hostel stendur við sjóinn í iðnaðarhverfi langt utan við íbúabyggð. Í nágrenninu eru hjólbarðaverkstæði, smurstöð og vélsmiðja. Þetta gistiheimili er ekki heimilislegt. Innréttingarnar eru gamlar og snjáðar, húsgögnin slitin, gangarnir þröngir og flest svefnherbergin minna á litla klefa. Ef til vill á þetta að vera svona. Það eru skilaboð í þessu umhverfi; Ísland er stoppistöð en ekki áfangastaður. Á árunum 2006-2008 báðu 154 manneskjur um hæli á Íslandi. Þrjár umsóknir voru samþykktar af íslenskum yfirvöldum.

„Ég hef leitað lengi að samastað.“ segir Lýbíumaður sem vill ekki koma fram undir nafni. „Ég er eftirlýstur af ríkisstjórninni í Lýbíu fyrir pólitískar skoðanir mínar. Þar er ástandið ömurlegt. Gaddafi hefur verið við völd í rúmlega fjörutíu ár og rænir milljörðum frá almenningi sem hann notar til að styrkja stöðu sína en gerir ekkert til að bæta innviði samfélagsins. Í Lýbíu er spilling landlæg og þar eru margir pólitískir fangar. Einn daginn, árið 1996, lét Gaddafi drepa 1200 þeirra á nokkrum klukkutímum. Ef ég verð sendur til Lýbíu verður mér stungið beint í fangelsi.“

Dyflinnarreglugerðin er samningur á milli aðildarríkja á Schengen-svæðinu. Í honum er kveðið á um að aðeins eitt ríki skuli bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli. Ef manneskja sem sækir um hæli á Íslandi hefur sótt um hæli í öðru aðildarríki, eða komið til Íslands í gegnum annað Schengen-ríki, geta íslensk stjórnvöld farið fram á að það ríki taki við henni.

Omar fæddist í Sómalíu en kom til Íslands frá Ítalíu. Hann óttast að verða sendur aftur þangað. „Ég var á Ítalíu í tvo mánuði áður en ég kom hingað. Ég var húsnæðislaus, ég talaði ekki ítölsku og nánast enginn talaði ensku. Ég átti enga peninga, mátti ekki vinna og átti ekkert að borða. Ég var allslaus og svaf í tuttugu daga á götunni. Mér var kalt. Einn daginn komu tveir menn og hótuðu að drepa mig. Þá þorði ég ekki lengur að vera á Ítalíu og flúði til Íslands. Ég vil ekki fara aftur til Ítalíu.“

„Í Grikklandi var ég réttindalaus“ segir Wali Safi sem flúði frá Afganistan. „Þar mega flóttamenn ekki einusinni ráða sér lögfræðing þótt þeir hafi efni á því. Þar eru yfir hálf milljón hælisleitenda og efnahagur landsins er í rúst. Þú getur reynt að ímynda þér hversu ömurlegar aðstæður flóttamannanna eru. Margir eru á vergangi, eiga ekki í nein hús að venda og sofa úti á götu. Ef þeir verða fyrir árásum tekur lögreglan ekki einusinni af þeim skýrslu. Ég hef heyrt að ástandið sé mjög svipað á Ítalíu og Spáni.“

Frammi á gangi stendur niðurlútur maður og talar í síma. Hann heitir Jackson Dickson og kemur frá Nígeríu. „Það var verið að tilkynna mér að hælisumsókn minni hefur verið hafnað“, segir hann. „Ég fæ ekki stöðu flóttamanns. Þeir sögðu mér að ástandið í Nígeríu væri ekki nógu slæmt til að ég gæti flokkast sem flóttamaður. Ég flúði Nígeríu því égóttaðist um líf mitt og nú á að senda mig aftur þangað.“

Bojana Bijelica og Slavisa Aleksic koma frá Króatíu. Þau hafa leitað að samastað í tíu ár. „Lífið í Króatíu er okkur óbærilegt því við erum Serbar“, segir Bojana. „Á yfirborðinu virðist Króatía öruggt og friðsamlegt land en það er ekki raunveruleikinn sem Serbar búa við. Ég flúði til Englands þegar ég var sautján ára. Þar kynntist ég Slavisa. Bróðir minn býr í Englandi. Hann fékk ríkisborgararétt en við vorum send í burtu. Ég er ekki byrjuð að leiða hugann að því hvað mig langar að gera í framtíðinni. Óvissan fylgir manni hvert sem maður fer og hvað sem maður gerir. Ég á ekki neitt. Hvers vegna á ég að eyða lífi mínu á ferðalagi um heiminn? Einn daginn verður þessu að ljúka. Mig dreymir um venjulegt líf.“

Heimsóknin á Fit hostel gerði mér ljóst að orðið „hælisleitandi“ er jafn merkingarlaust og það er gildishlaðið. Reynsla hælisleitanda er svo ólík og stórbrotin að þessu orði, þessari röð bókstafa er ómögulegt að fanga öll þau vonbrigði, allan þann ótta, alla þá óvissu og allar þær hörmungar sem landflótta manneskja upplifir. Þeir flóttamenn sem við ræddum við búa yfir reynslu sem erfitt er að deila með öðrum og treystu okkur fyrir sögum sínum í von um að við fjöllum um þær af nærgætni og virðingu.

*Í næstu tölublöðum mun Krítík fjalla ítarlega um málefni flóttamanna á Íslandi.*

**Við**
**elskum**
**íslenska**
**prjónahefð**

Prjónaferðir
Námskeið
Kennsluefni á DVD
Vefrit
Útgáfa

**Komdu**
**í heimsókn:**
knittingiceland.is

**Hafðu**
**samband:**
knitting
@knittingiceland.com

KNITTING
ICELAND

VIÐTAL

# Þegar hugsjónin hittir veruleikann



MYNDIR BILLI/KRÍTÍK

**Í kjölfar eyðileggingar íslenska efnahagskerfisins hrundi traust almennings til stjórnmálamanna. Skoðanakönnun, frá því í mars, bendir til þess að 13% þjóðarinnar treysti Alþingi og núverandi ríkisstjórn. Hin svokallaða „Fyrsta vinstri-stjórn Íslandssögunnar", hefur verið harðlega gagnrýnd, ekki síst af vinstri-mönnum. Magnús Björn Ólafsson spurði Katrínu Jakobsdóttur, menntamálráðherra, út í þessa gagnrýni og ræddi við hana um pólitísk hrossakaup, siðferðislega stöðu stjórnmálamanna og íslenska lýðræðishefð.**

MAGNÚS BJÖRN ÓLAFSSON MAGNUS@KRITIK.IS

Þegar við stöndum frammi fyrir skuldum auðmanna sem er velt yfir á almenning, sölu orkufyrirtækja, virkjanaáætlunum, bágri stöðu hælisleitenda á Íslandi, ákærum á hendur mótmælendum og möguleikanum á einkarekinni herstöð á Keflavíkurflugvelli er erfitt er að sjá að hin svokallaða „Fyrsta vinstri stjórn Íslandssögunnar" sé í raun og veru vinstri stjórn. Þetta hljóta að vera grundvallaratriði sem skilgreina pólitíska afstöðu stjórnarinnar frekar en einstök mál sem hafa farið stjórninni illa úr hendi. Hvernig svarar þú þessari gagnrýni?

„Þetta eru mismunandi mál," segir Katrín. „Ég á t.d. ekki von á því að þessi einkarekni her komi til Íslands enda höfum við lýst okkar skoðun á svona hernaðartengdri starfsemi og fyrir Alþingi liggur frumvarp sem mun bæta stöðu hælisleitenda mikið, en ég skil þessa gagnrýni vel. Það er þrýstingur á samfélagi sem er í kreppu og við slíkar aðstæður er freistandi að grípa hvert tækifæri sem býðst - bara til að gera eitthvað - þótt það sé algjörlega út í hött og þessi einkarekni her er til marks um það. Á hinn bóginn snýr gagnrýnin að því að það er erfitt í framkvæmd að kúvenda heilu samfélagi. Það tekur langan tíma að snúa því, rétt eins og stóru skipi á siglingu. Við göngum t.d. inn í aðstæður þar sem ákveðið kerfi hefur ríkt í fjármálaheiminum og það hefur tekið miklu lengri tíma og orku en mig óraði fyrir að vinda ofan af því. Og við erum ekki komin nærri því alla leið. Ef reynt er að gera grundvallarbreytingar á kerfi sem hefur þróast í einhverja allt aðra átt mun það streitast á móti. Það er eðli kerfisins. Og fulltrúar kerfisins, bæði embættismenn og allir þessir hagsmunaaðilar, aðlagast mishratt að breyttum tímum. Sumir ákveða að vinna með og aðrir ekki. Þess vegna taka breytingar tíma. Breytingin gengur best ef sem flestir ljá henni fylgi og samstaða næst um hvernig að henni skal standa.

En við erum þjóð sem meltir hlutina hratt og við getum verið fljótfær. Tveimur vikum eftir kreppu voru allar búðir tómar og allt í einu áttu allir ósköpin öll af haframjöli. Það sem okkur vantar er hæfileikinn til að melta hlutina og hugsa aðeins lengra fram í tímann – en kannski er það ekki þjóðareinkenni heldur fyrst og fremst mannleg hegðun. Ég tel að langvarandi breytingar gerist hægt en snöggar breytingar skilji stundum lítið eftir sig."

## VIÐ VORUM OF UPPTEKIN AF EINSTEFNUM

Eigum við þá að tala aðeins um endurreisnina - hina miklu breytingu? Margir velta því fyrir sér hvort við séum í raun og veru að móta nýtt samfélag eða tjasla saman gamla draslinu úr rústunum. Hvernig svarar þú því?

„Eðlilega vill fólk mismunandi hluti. Það eru vafalaust margir sem vilja fara fjögur ár aftur í tímann og endurheimta þetta efnahagsbólukerfi vegna þess að það skilaði miklum þægindum. Svo eru kannski þeir sem vilja algjörlega nýtt samfélag, kollvarpa fjármálakerfinu og gera Ísland að skólabókardæmi um það hvernig eigi að stokka upp innan hins alþjóðlega fjármálakerfis. En þriðji hópurinn er líka til og líklega sá stærsti. Hann vill fara hóflegri leið, einhverja blöndu af báðu. Það er kannski hópurinn sem ég stend næst, þ.e.a.s. ég tel að kerfið sem við lifðum eftir sé vitlaust. Við lifðum fyrir peninga sem voru ekki til. Við verðum að reiða okkur á nýja hluti og megum ekki einblína á einhliða allsherjarlausnir. Fyrir nokkrum árum komst ekkert annað að en álver og skömmu seinna átti Ísland að verða alheimsmiðstöð fjármálageirans. Það sjónarmið er áberandi að búa til einhverja eina lausn þar sem við getum verið best í heimi. Og það er flókið að fara frá þessari hugsun. Það er líka flókið fyrir stjórnmálamenn sem eru stöðugt krafðir um einnar mínútu svar við því hvað þeir ætli að gera fyrir atvinnumál þjóðarinnar. Þá er mjög gott að geta sagt: Við ætlum að hafa bestu fjármálamiðstöð í heimi. Eða: Við ætlum að hafa besta umhverfið fyrir álframleiðslu. Ég tel að við verðum að horfa á þessi mál frá sjónarhóli fjölbreytninnar og ég held að það sé það sem fólk kallar í raun og veru eftir.

Við erum heppin að vera fámenn þjóð í stóru landi. Við búum við mikil náttúruleg gæði og það er hending sem við eigum að nýta okkur. Í fyrra sat ég fund á vegum Menningarmálastofnunnar Sameinuðu þjóðanna með menntamálaráðherrum heimsins og umræðuefnið var sjálfbærni. Ég var tilbúin með ræðu og í henni stóð að Ísland væri að ganga í gegnum hræðilegt efnahagslegt hrun og að við þyrftum að byggja allt upp á nýtt með hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. En það voru margir sem töluðu á undan mér, m.a. menntamálaráðherrar frá Afríku. Þeir töluðu um að þeir væru að reyna að kenna fólki að lesa svo það gæti haft áhrif á samfélagið og hægt væri að bjarga því litla sem eftir væri af náttúrulegum auðlindum. Ég sat eftir með mína ræðu um efnahagslegt hrun og leið eins og kjána. Og í þessu er lærdómur: Við höfum ótrúleg tækifæri vegna þess að við eigum ennþá þetta umhverfi og innviðir samfélagsins eru til. Jú, við stöndum í tímabundinni kreppu, en við höfum tækifæri til að nýta hugmyndafræði sjálfbærni öfugt við flestar þróunarþjóðirnar sem hafa virkilega verið arðrændar og sviptar þessu tækifæri."

> „Lofar maður? Ég ætla að segja að pólitík á ekki að snúast um loforð. Á hún að snúast um loforð? Kjósendur segja: Þið lofið þessu og hinu. En stjórnmálamenn eiga ekkert að vera að lofa."

Með því fyrsta sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, kom í verk eftir hrun var að skera stórlega niður þróunaraðstoð. Þessi aðgerð hefur ekki verið afturkölluð af núverandi ríkisstjórn.

„Við höfum reyndar aldrei náð viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um þróunaraðstoð en hér á landi hefur meira að segja verið gagnrýnt að við skyldum ekki leggja hana af með öllu sem er auðvitað fráleitt. 20% niðurskurður á þróunaraðstoð milli áranna 2009 og 2010 er hins vegar allt of mikið að mínu viti þó að aðrir þættir hafi verið meira skornir, eins og sendiráð og fastanefndir sem voru skorin um 37%. Þetta þarf að taka til skoðunar. En það er ýmislegt sem við getum gert sem sýnir sig m.a. í því hversu hratt við brugðumst við hörmungunum á Haíti. Það minnir okkur á stöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum, sem tengist líka málefnum hælisleitenda sem þú nefndir áðan. Ég tel að við getum tekið á móti miklu fleira fólki en við höfum gert. Mér finnst okkur miða áfram í litlum skrefum en umræðan er hávær um hvað við sjálf eigum bágt. Fólk má ekki líta svo á ég sé að gera lítið úr þeim erfiðleikum sem fylgja því að vera atvinnulaus eða ráða ekki við greiðslubyrðina en við megum ekki gleyma því að almennt er samfélagið okkar miklu betur statt en mjög stór hluti heimsins."

## STJÓRNMÁLAMENN EIGA EKKI AÐ GEFA LOFORÐ

Það virðist vera ríkjandi viðhorf að vandamál okkar leys-

➡ FRAMHALD Á SÍÐU 8

# Besta fræðibók ársins*

**1. prentun** uppseld!
**2. prentun** komin!










* **UPPLÝSING** - félag bókasafns- og upplýsingafræða hefur veitt Helga Björnssyni viðurkenningu fyrir bestu fræðibók ársins 2009. Úr umsögn matsnefndar: *„Jöklar á Íslandi er aðgengileg og falleg handbók um íslenska jökla og undraveröld íssins. Mikil alúð hefur verið lögð í gerð hennar og allan frágang, með fagmennsku og vandvirkni í fyrirrúmi."*

★★★★★

*„Þessi bók á mikið erindi til allra Íslendinga, ekki síst hinna ferðaglöðu. Hún opnar augu allra sem hafa unun af að lesa í landið fyrir undrum náttúruaflanna. Þeir munu líta landið öðrum augum eftir lesturinn."*
*Guðni Einarsson, Mbl.*

Þar sem þekkingin á sér samastað

O
OPNA

Bókaútgáfan Opna · Skipholti 50b · 105 Reykjavík · sími 578 9080 · www.opna.is

FRAMHALD AF SÍÐU 6



ist þegar við fáum nógu mikla erlenda fjármuni að láni. Og við reiddumst meira að segja einstökum þjóðum fyrir að lána okkur ekki nógu mikla peninga. En er skynsamlegt að lána okkur peninga þegar ekki hefur farið fram neitt í líkingu við það sem getur kallast siðferislegt uppgjör?

„Það sem er erfitt við þessa umræðu er að hún hefur litast af þjóðernishyggju. Öll orðræðan um samskipti okkar við nágrannaþjóðirnar hefur snúist um „íslensk þjóð þetta og íslensk þjóð hitt". Það er reynt að þjappa okkur saman í einhverja þjóðernisblokk án þess að taka siðferðislega afstöðu til þess hvernig við höfum staðið okkur. Og það er líka eðlilegt að íslenskur almenningur verði reiður þegar allir sem stíga fram segja: Þetta var ekki mér að kenna, þetta var útrásarvíkingunum að kenna. Og á meðan benda útrásarvíkingarnir á löggjafann og framkvæmdarvaldið. Það er mjög mikið bent á eitthvað annað sem brást. Við höfum slegið þessu siðferðislega uppgjöri á frest og það er eins og við bíðum eftir því að einhver sjái um þetta uppgjör fyrir okkur."

Þegar þú talar um að breytingar gerist hægt verður manni hugsað til þess að þegar þið komust til valda var gríðarlegur samfélagslegur meðbyr sem var fylgjandi stórum grundvallarbreytingum á Íslandi. Maður skyldi ætla að þið mynduð leita lags og nýta þennan meðbyr betur en þið hafið gert.

„En við höfum gert ýmislegt. Fyrir það fyrsta var öllum höfuðkröfum mótmælanna svarað nánast samstundist. Það voru haldar kosningar og skipt um yfirstjórn í Seðlabanka og Fjármálaeftirliti.

Þegar skattar voru hækkaðir var það ekki gert flatt heldur var tekið upp þrepaskipt skattkerfi. Sumir kölluðu þetta einfalda skattahækkun, en þetta var grundvallarbreyting á því hvernig skattar eru innheimtir; grundvallarbreyting á skattkerfi frjálshyggjunnar sem miðast algjörlega við flatan skatt sem jafnt og þétt hafði fært byrðar af þeim tekjuhærri yfir á þá tekjulægri. Þetta er grundvallarbreyting og haldið verður áfram að breyta skattkerfinu í þessa átt. Kvótakerfið er í endurskoðun og stefnt er á grundvallarbreytingu á því líka. Ég hefði viljað sjá hugmyndina um stjórnlagaþing verða að veruleika á síðasta þingi en vonandi gerist það á þessu þingi. Þá verður væntanlega grundvallarbreyting á íslenskri stjórnsýslu. Nú er farið af stað með friðun á Gjástykki. Það er grundvallarbreyting á náttúruverndarmálum en orðræðan um umhverfismál hefur nánast eingöngu beinst að því að stoppa framkvæmdir. En það er kannski vegna þess að það er verið að gera grundvallarbreytingar á stjórnsýslu umhverfismála. Þá hefur ríkisstjórnin sett metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum. Fyrir Alþingi liggur frumvarp sem mun gjörbreyta lagaumhverfi fjármálafyrirtækja, frumvarp um bætta stöðu hælisleitenda er einnig til umfjöllunar á þingi eins og ég nefndi fyrr, eftirlaunaósóminn svokallaði hefur verið afnuminn, áherslan hefur verið færð frá stóriðju til nýsköpunar með nýjum lögum sem hafa stórbætt umhverfi nýsköpunarfyrirtækja og margt fleira. Þannig að það eru ýmsar grundvallarbreytingar sem hafa náð í gegn en þó ekki allar þær sem við vonuðumst eftir. Þegar á hólminn er komið hefur meðbyrinn ekki heldur verið mjög mikill með öllu sem ríkisstjórnin er að reyna að breyta. "

En í ákveðnum grundvallarmálum hefur orðið alger kúvending sem varpar ljósi á þessa greinilegu tvöfeldni og stöðugu togstreitu stjórnmálanna: til að halda völdum, til að tryggja stöðu sína og halda ríkisstjórninni saman verður stjórnmálamaðurinn að stunda hrossakaup og ganga á bak orða sinna; hann þarf að gefa eftir í málum, sem honum eru hjartfólgin til að þóknast samstarfsflokknum. Ég man t.d. eftir Vinstrigrænum, fyrir kosningar, í vígahug í pontu Alþings þar sem stór orð voru látin falla. Sagt var að frekar yrði gerð bylting en að almenningur greiddi fyrir Ice-save og það var líka talað um að henda AGS öfugum út úr landhelginni. En þegar þið komist til valda virðist veruleikinn þvinga hugsjónirnar niður í svaðið. Hvað gerist?

„Við fórum ekki út úr þessari AGS-áætlun og það lá fyrir löngu fyrir seinustu kosningar en markmiðið er auðvitað að koma málum þannig fyrir að við höfum enga þörf fyrir AGS. Þessi áætlun er í tvö ár og svo losnum við vonandi við hana. En það er hluti af því að vera í stjórnarsamstarfi."

Og þarna er þessi togstreita.

„Já þetta er eilíf togstreita. Maður getur í mesta lagi verið glaður með sitt ef manni finnst maður vera að ná einhverju fram."

Jafnvel þótt maður verði að fórna hugsjónum sem maður hefur djúpa sannfæringu fyrir?

„Það tel ég mig raunar ekki hafa gert en vissulega er margt óskemmtilegt sem þarf að gera þegar tekið er við ríkissjóði með þennan halla. Og nú ætla ég að gerast mjög leiðinleg og segja: Valkostirnir eru ekki mjög kræsilegir."

En hvað segir þetta um hið íslenska flokkalýðræði? Hér er alltaf samsteypustjórn sem þýðir það að kjósandinn getur aldrei, jafnvel þótt flokkurinn sem hann aðhyllist vinni stórsigur, treyst stjórnmálamönnum. Er þetta ekki ágætis gagnrýni á flokkakerfið? Getum við ekki, úr mergð óendanlegra möguleika, ímyndað okkur að hægt sé að stjórna þessu samfélagi á annan hátt en að á fjögurra ára fresti fái fólk að kjósa sér fulltrúa sem eru fyrirfram dæmdir til að blekkja það?

„Ég held að það sé ekki hægt að tala um blekkingar stjórnmálamanna. Ég held að fáir stjórnmálamenn séu vísvitandi að blekkja kjósendur sína. "

Það eru gefin loforð um allt og ekkert fyrir hverjar einustu kosningar þrátt fyrir að hrossakaup með þessi sömu loforð séu regla en ekki undantekning í íslenskum stjórnmálum. Stjórnmálamenn hljóta að vera meðvitaðir um þessa þversögn.

„Lofar maður? Ég ætla að segja að pólitík á ekki að snúast um loforð. Á hún að snúast um loforð? Kjósendur segja: Þið lofið þessu og hinu. En stjórnmálamenn eiga ekkert að vera að lofa."

Þeir gera það nú samt. Hugtakið „kosningaloforð" er vel þekkt og mikið notað í íslensku.

„En það kemur þeim bara í koll að vera að lofa of miklu. Ég þyki kannski dálítið leiðinlegur stjórnmálamaður, því ég tel að stjórnmálamenn eigi ekki að lofa of miklu og að kjósendur eigi að lesa í stjórnmálamenn fyrir það sem þeir eru. Þeir eru auðvitað fulltrúar fólks og flokka, getum við sagt, því fólk getur auðvitað haft áhrif á flokkana. Ég tel að fólk kjósi þá stjórnmálamenn og flokka sem því líst best á en gerir ekkert endilega þá kröfu að þeir standi undir öllu. Mér finnst fólk hafa frekar raunhæfar væntingar til stjórnmálamanna."

Ef stjórnmálamenn eiga ekki að lofa kjósendum sínum neinu, hvað eiga þeir þá að gera?

„Þeir eiga að standa fyrir einhver gildi og reyna að verja þau."

Hver er munurinn? „Hér stend ég, fastur á mínum hugsjónum og gildum og komist ég til valda lofa ég að standa vörð um þessi gildi og þessar hugsjónir". Þegar þessi sami einstaklingur er kosinn breytist hljóðið í okkar manni: „já, ég er með annan fótinn við þessi gildi en hinn stendur á þeirri staðreynd að ég ætla að halda völdum og því er mál til komið að stunda hrossakaup."

„Já... en þá er verið að teikna heiminn svarthvítan. Ég býð mig t.d. fram fyrir Vinstri-græn og ætla að efla jafnréttismál. Ég get það og geri það t.d. með því að skipa nefndir sem eru ekki aðeins skipaðar af öðru kyninu. Ég stend fyrir því að jafnréttisfræðsla verði efld í skólum, ég reyni að efla lýðræðislega stjórnunarhætti. Þetta eru gildi Vinstri- grænna. En auðvitað get ég ekki breytt þjóðfélaginu eins og það leggur sig á einu ári, frekar en Steingrímur eða einhver annar. Hvers vegna heldurðu að við séum kölluð stoppflokkurinn? Það er vegna þess að við erum að reyna að verja þessi gildi sem við stöndum fyrir. Þannig að ég kalla þetta ekki loforð og ég held að fólk almennt kjósi ekki út af einhverjum loforðum. Það kýs gildi sem það hefur trú á og þá fulltrúa sem það treystir til að koma þeim gildum áleiðis. Auðvitað myndi ég vilja hafa meira umboð til að koma okkar sjónarmiðum áleiðis en svoleiðis er það einfaldlega ekki og það er afleiðing lýðræðislegra kosninga. Og þá get ég sagt:

„Þurftum við að halda þjóðfund til að komast að því að allir vilja heiðarleika?

Ókei, ætla ég að ná einhverjum hægfara árangri eða ætla ég að halda áfram að hafa mitt á hreinu en ná ekki neinum árangri? Og þetta er raunverulegt val, raunverulegt vandamál."

Mig minnir að 13% þjóðarinnar treysti Alþingi. Þessi tala endurspeglar sögulega lítið traust á alþingismönnum og það er líklega vegna þess að hrossakaup hafa aldrei verið eins augljós og núna. En þarf þetta að vera svona? Eigum við bara að hætta að leita að betra stjórnkerfi?

„Ég er raunar ekki þeirrar skoðunar að hrossakaup hafi aldrei verið meiri en núna en það er gott ef fólk er loksins farið að verða gagnrýnið á þau. Og ég er ekki heldur þeirrar skoðunar að fulltrúalýðræði sé rót vandans. Hvernig höfum við t.d. þróað okkar fulltrúalýðræði? Við höfum í fyrsta lagi þróað það þannig að það er látið eins og það sé eina stjórnkerfið sem er í boði. Umræðuhefðin hefur ekkert þróast. Þjóðfundirnir sem eru í gangi núna eru góðir og ég fæ fullt af skilaboðum þaðan og það er til marks um að það er hægt að iðka ýmislegt annað en fulltrúalýðræði þótt það sé notað sem einskonar rammi. En fyrst og fremst held ég að við verðum að velta þessari stjórnarskrá fyrir okkur því það er engin ein leið sem leysir þetta. Persónukjör hefur t.d. bæði kosti og galla. Einhvern tímann var mér sagt að finnskir stjórmálamenn væru myndarlegustu stjórnmálamenn í heimi því það væri persónukjör í Finnlandi. Og það er alveg rétt, á Norðurlöndunum eru þeir lang



fallegastir! Það eru kostir og gallar á hverju einasta kerfi . En ef til vill er helsti gallinn við það fulltrúalýðræði sem við höfum stundað sá að við höfum kosið stjórnmálamenn á fjögurra ára fresti og sagt: svo er allt í þeirra höndum. Þannig á þetta ekkert að vera.

Ég var á málþingi um Wolfgang Edelstein sem predikaði lýðræði í skólastarfi. Hann átti ekki einungis við það að upplýsa börnin um lýðræði. Hann vildi skapa umræður meðal barnanna, láta þau tala um hvernig þau vilja hafa skólann sinn og taka þátt í að þróa hann. Við höfum ekki byggt upp lýðræðislegt kerfi sem inniheldur þessa umræðuhefð. Það er kannski fyrst núna sem hún er að fara af stað. Skilaði þessi þjóðfundur t.d. einhverju? Ég heyri að það séu einhverjir sem efast um þetta, segja að þjóðfundurinn sé bull og niðurstöðurnar blaður. Þurftum við að halda þjóðfund til að komast að því að allir vilja heiðarleika? Gátum við ekki sagt okkur það fyrir? Jú, en það góða við þjóðfundinn var að fólk settist niður og talaði saman. Er það ekki einmitt það sem við höfum ekki gert hingað til?"

VIÐTAL

# Nýfrjálshyggjan er gervivandamál

MAGNÚS BJÖRN ÓLAFSSON MAGNUS@KRITIK.IS

Nýhil gaf nýlega út greinasafnið Af marxisma, í ritstjórn Viðars Þorsteinssonar og Magnúsar Þórs Snæbjörnssonar. Þar er kannað erindi marxískra fræða við samtímann. Í viðtali við Magnús Björn Ólafsson ræðir Viðar meðal annars um Marxisma, ríkisstjórnina, nýfrjálshyggju og íslenska vinstrihreyfingu.

Í Reykjarvíkurakademíunni situr Viðar og sinnir fræðistörfum. Skrifstofan er björt og snyrtileg; gluggi horfir yfir Vesturbæinn, fræðibækur og tímarit standa í röð og reglu á vísum stað og á vegg er máluð tilkomumikil mynd af Ernesto „Che“ Guevara sem beinir þungu byltingaraugnaráði að blaðamanni hvar og hvernig sem hann stendur í herberginu. Viðar Þorsteinsson er vinstrimaður. Og hingað er blaðamaðurinn kominn til að spyrja vinstrimanninn að því hvaða augum hann líti fyrstu vinstristjórn Íslandssögunnar.

Ég lít svo á að vinstripólitík eigi fyrst og fremst að takast á við óréttláta skiptingu auðs í samfélaginu, sérstaklega eignarhald atvinnutækja, útskýrir Viðar. Fáir eiga næstum því allt á meðan meirihluti fólks á ekkert og margir eiga reyndar ekkert nema skuldir. Efnahagslegt óréttlæti er rót flestra félagslegra vandamála sem við glímum stöðugt við, til dæmis fátæktar, spillingar, stríðs, kynþáttafordóma og kynjamisréttis. Misskipting valda á upptök sín í misskiptingu eigna, en misskiptingu eigna getum við líka kallað stéttaskiptingu: skiptinguna á milli stéttar vinnandi fólks og stéttarinnar sem nærist á auðmagninu. Glíman við að breyta þessu ástandi er, að mínu mati, kjarninn í vinstripólitík. Hin svokallaða vinstristjórn hefur algjörlega gefist upp á þessu verkefni sem sést best á því að engin stefnumál hennar snúa að því.



Blaðamaðurinn hefur heyrt þessari gagnrýni svarað þannig að erfitt sé að kúvenda heilu samfélagi og að stórar breytingar gerist hægt. Og var ekki skattkerfinu einmitt breytt og tekið upp þrepaskipt skattkerfi sem spornar að einhverju leyti við efnahagslegu óréttlæti? Sumir segja að nýju skattalögin séu einmitt grundvallarbreyting frá hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar. Hvernig svarar þú þessu Viðar?

Viðar brosir. Í fyrsta lagi er engin kúvending á dagskrá og þrepaskipt skattkerfi er engin kúvending. Í öðru lagi er þessi áhersla á nýfrjálshyggjuna byggð á misskilningi. Nýfrjálshyggjan er gervivandamál. Hið raunverulega vandamál er rótgróin félagsleg formgerð kapítalismans. Nýfrjálshyggjan er hugmyndafræðileg tískubóla sem flýtur eins og korktappi ofan á þessari formgerð. Þegar því er haldið fram að nýfrjálshyggjan sé okkar stærsta vandamál ímynda menn sér að á Íslandi hafi verið norrænt velferðarkerfi og svo hafi komið vondir menn, Davíð, Hannes og nýfrjálshyggjupostularnir, sem hafi eyðilagt allt og nú sé verkefni okkar hin svokallaða „endurreisn“. En þetta er einfaldlega röng greining; Ísland hefur alltaf fylgt öðrum vestrænum löndum í innleiðingu og þróun kapítalisma. Þegar við einblínum á nýfrjálshyggjuna horfum við framhjá þessu - og margir á vinstri vængnum virðast í raun sætta sig við það. Nú tala bloggarar Vinstri-grænna til dæmis um að vandamál Íslendinga sé ekki kapítalisminn sem slíkur heldur eitthvað sem þeir kalla „alræðiskapítalismi“, einhverskonar



MYND BILLI/KRÍTÍK

séríslenskur og vondur kapítalismi. Að baki þessum orðum virðist liggja sannfæring um að við séum sátt við að búa við kapítalisma, hann eigi bara að vera góður. Meginverkefni vinstripólitíkur, sem er að gagnrýna hið kapítalíska kerfi í heild sinni, hefur þannig dottið út úr myndinni og í staðinn er komin áhersla á gervivandamál.

En til hvaða beinu aðgerða myndir þú vilja sjá ríkisstjórnina grípa Viðar?

Ég held að við séum, því miður, búin að missa af tækifærinu til að gera það sem skiptir mestu máli, en það hefði verið að tryggja lýðræðislega stjórn eða sameiginlegt eignarhald á atvinnutækjunum í samfélaginu. Þegar Geir Haarde þjóðnýtti íslenska bankakerfið og þar með mestallt íslenskt atvinnulíf, vegna skuldastöðu þess, skapaðist sögulegt tækifæri til að koma á kerfi sem hefði getað verið öðruvísi en þessi hefðbundni vestræni kapítalismi. En þetta tækifæri rann út í sandinn, óheftum kapítalisma hefur verið komið á laggirnar á ný og við komum ekki til með að geta haft mikla stjórn á honum.. Vinstristjórn sá til þess.

En það er ef til vill dálítið marklaust að tala um það sem ríkisstjórnin „hefði átt að gera“. Hvað telur þú að ríkisstjórnin ætti að gera núna, annað en það sem þegar er á dagskrá?

Þetta tækifæri kann reyndar að skapast aftur áður en langt um líður. Fjármálakrísan í heiminum virðist ætla að halda áfram í kippum. Vonandi verðum við þá betur undir það búin. En ég held að boltinn sé ekki lengur hjá þessari ríkisstjórn. Þessi barátta verður að fara fram á öðrum vettvangi.

Þú hefur talað um að gera þurfi grundvallar breytingar á íslenskri stjórnsýslu og þú hefur fullyrt að stofna þurfi nýtt lýðveldi á Íslandi. Hvernig sérðu þetta fyrir þér?

Ég verð að sjálfsögðu að viðurkenna að það er ekki til nein nákvæm eða sannfærandi áætlun um það hvernig vinstristjórn sem árið 2010 fær heilt bankakerfi inn á sitt borð getur komið á kommúnisma. En það eru til hugmyndir og það eru til söguleg fordæmi sem hafa reynst vel og hægt er að nota. Á Spáni og í Bandaríkjunum eru til dæmis fyrirtæki sem eru í eigu starfsfólksins. Þessum fyrirtækjum hafa gengið vel. Gömlu góðu samvinnufélögin byggjast á prinsippi sem er, að mínu mati, dæmi um efnahagslegt lýðræði og raunverulega valdadreifingu. Það hafa reyndar aðrir en vinstrimenn bent á kosti þess að koma málum svona fyrir, að minnsta kosti til skamms tíma, þótt ekki sé nema til að auka verðmæti fyrirtækjanna þegar að sölu kemur.

Ég og fleiri töluðum fyrir stofnun nýs lýðveldis veturinn 2008-2009. Ég er ekki eins trúaður á að stjórnlagaþing og stofnun nýs lýðveldis þjóni tilgangi nú, einfaldlega vegna

„Verðum við ekki sjálf að stunda vinstripólitíska baráttu á víðari vettvangi? Þurfum við ekki að endurlífga fjöldahreyfinguna?“

þess að nú ríkir ekki sami pólitíski eldmóður og þá. Ég leit á kröfuna um nýtt lýðveldi sem framhald af mótmælunum, aðferð til að færa þau yfir á víðara pólitískt plan. En vinstristjórnin tók það hlutverk að sér og nú er þetta stjórnlagaþing sem hún leggur til aðeins skugginn af upphaflegu hugmyndunum um slíkt þing. Þangað munu aðallega veljast fulltrúar núverandi fjórflokkakerfis.

En ef til vill er staða vinstristjórnarinnar einfaldlega þannig að hún getur ekki breytt neinu. Kannski hefur Sjálfstæðis- og Framsóknarflokknum tekist að njörva kerfið of fullkomlega niður. Ég er auðvitað hvorki á þingi né í ríkisstjórn og veit því ekki nákvæmlega hvernig þetta er fyrir ráðherrana og útiloka ekki þennan möguleika. Það getur líka verið að Samfylkingin sé miklu hægrisinnaðari flokkur en við gerum okkur grein fyrir. Það hefur til dæmis komið á daginn að hún er miklu stóriðjusinnaðari en hún hefur gefið sig út fyrir að vera. En þarna komum við að dýpri spurningum sem ég held að vinstrihreyfingin á alþjóðavísu hafi hugsanlega vanrækt síðustu áratugina: Hver er afstaða okkar til ríkisvaldsins og þingræðisins? Eru varðveisla og styrking ríkisvaldsins okkar helsta verkefni? Það varð freistandi fyrir vinstrið að standa vörð um ríkisvaldið vegna þess að áhersla ný-frjálshyggjunnar snérist að svo miklu leyti um að sundurlima það. „Burt með báknið“ og „niður með forræðishyggjuna“ voru vinsæl slagorð frá hægri sem knúðu vinstrimenn óbeint til að standa vörð um velferðarkerfið og hugmyndafræðin fór allt í einu um að snúast um að verja ríkið. Við gleymdum því að árangur vinstrisins á tuttugustu öld náðist alls ekki fyrst og fremst í gegnum þingræði eða stjórnmálaflokka; þvert á móti, það var barátta verkalýðshreyfinga sem gerði það að verkum að það varð til velferðarkerfi á Íslandi. Í dag er verkalýðshreyfingin dautt afl í réttlætisbaráttu almennings og það skýrir ef til vill vanmátt þeirra vinstriafla sem eru við völd. Það er ekki nóg með að ríkisvaldið sé rotið heldur vantar víðtækan stuðning frá öðrum vígstöðvum í samfélaginu.

Vandamál þjóðarinnar felst þá ef til vill í óvirkni hennar, segir Blaðamaðurinn. Það virðast flestir sitja og bíða eftir því að einhver annar breyti þjóðfélaginu.

– Nákvæmlega, segir Viðar. Þetta er grundvallaratriði og við verðum einfaldlega að spyrja: Bundum við of miklar vonir við vinstrisinnaða stjórnmálaflokka sem bjóða fram til þings? Ég hef verið í mikilli sjálfskoðun enda upplifi ég mig sem hálfgert fífl eftir að hafa kosið Vinstri-græna með tiltölulega mikilli bjartsýni í síðustu kosningum. Ég treysti á að það myndu losna úr læðingi öfl sem myndu beita sér á þeim vettvangi sem ég tel að vinstripólitík eigi að beita sér. En raunin varð önnur – og það er, vel að merkja, til ótrúlega mikið af afsökunum fyrir því sem ég á ekkert endilega svör við. En frekar en að við veltum okkur upp úr gagnrýni á þennan flokksarm Vinstri-grænna sem leiðir flokkinn í ríkisstjórnarsamstarfinu, ættum við að spyrja: Verðum við ekki sjálf að stunda vinstripólitíska baráttu á víðari vettvangi? Þurfum við ekki að endurlífga fjöldahreyfinguna? Í gegnum söguna hefur vinstrihreyfingin vissulega alltaf varið mikilli orku í að skilgreina sig heimspekilega og hugmyndafræðilega, en hún hefur samt alltaf verið fjöldahreyfing um leið. Þetta er lykilatriði. Karl Marx hafði alltaf þá skoðun að kommúnismi og hin kommúníska hreyfing þyrfti að vera raunveruleg fjöldahreyfing vinnandi fólks. Ég held að við ættum að hafa þetta í huga í því ástandi sem við stöndum frammi fyrir í dag: pólitík sem flýtur í tómarúmi og er tengslalaus við vilja fólksins getur þrátt fyrir allt ekki gert svo ýkja mikið.

# Hrunfræði fyrir byrjendur

Hvað er líkt með Eyjafjallajökli og Icesave?


MYND ALDA JÓNSDÓTTIR (CC-BY)

SMÁRI MCCARTHY SMARI@KRITIK.IS

Þegar litið er til síðustu ára hafa þau einkennst af umræðum um kerfishrun, hvort sem um er að ræða hagkerfi, stjórnkerfi, eða jafnvel flugsamgöngukerfi. Bak við þetta allt liggja brostnar forsendur og atburðir sem eru taldir ólíklegir, en lítið hefur verið gert í gegnum árin til að meta samfélagslegar afleiðingar þess að forsendurnar standist ekki eða að ólíklegir atburðir eigi sér stað.

„Collapsonomics" eða hrunfræði, er að sögn eins upphafsmanna stefnunnar, Vinay Gupta, hliðstæð stefna við hagfræði. „Hagfræði skoðar hvernig hagkerfi þróast, stækka og minnka. Hrunfræði skoðar kerfislægar bilanir, svo sem kreppur, náttúruhamfarir, borgaralegar uppreisnir - þá staði þar sem að lífið heldur áfram en markaðirnir ekki."

Þegar framboð og eftirspurn nægir ekki til að lýsa því hvað á sér stað í hagkerfi, þá byrjar samfélagið að skipta meira máli en peningarnir. „Það er hrunfræði," segir Gupta. „Þetta er svipað og að rannsaka hvernig flugvélar hrapa, frekar en hvernig þær fljúga."

SVARTIR FÍLAR

Vinay Gupta rekur ráðgjafafyrirtækið Buttered Side Down, sem veitir fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um hvernig þau geti búið sig undir það versta, hvort sem það er eldsvoði eða kjarnorkustyrjöld. Hann segir að hugmyndafræði hrunfræðinnar byggist að stórum hluta á svokölluðum „svörtum fílum."

Allir þekkja fílinn í herberginu; vandamálið sem enginn vill tala um. Og allir þekkja svarta svaninn, ólíklega fyrirbærið sem birtist þegar enginn á von á því. „Svarti fíllinn er merki Hrunfræðistofnunarinnar" segir Gupta.
„Fólk lýgur að sjálfu sér um hvað muni eiga sér stað. Svartur fíll er augljósa áhættan sem enginn vildi ræða um og allir láta sem þeim sé brugðið þegar það gerist."

ÞEGAR ALLT GENGUR VEL

Fólk hefur talað um hrun húsnæðismarkaðsins í Bandaríkjunum sem svartan fíl, að margir hafi vitað af yfirvofandi hruni með löngum fyrirvara. Sama má líklega segja um hrun íslensku bankanna, eins og sjá má á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Ýmsir aðilar fullyrða í viðtölum við rannsóknarnefndina að hafa séð hrunið fyrir og reynt að gera fólki viðvart, en engin raunveruleg viðbrögð voru við þeim athugasemdum – þeim var hreinlega sópað undir teppið. „Kerfi verða brothætt vegna þess að þegar allt gengur í haginn er litið svo á að sterkbyggðir hlutir séu peningasóun," segir Gupta.

Vegna þess að heimurinn hefur búið við tiltölulega stöðugt ástand síðan við lok síðari heimsstyrjaldar, höfum við farið að ofmeta öryggistilfinningu okkar. Áratuga þróun í tölfræðilegri úrvinnslu, mynstursgreiningu og þróun sjálfvirkra kerfa til að meta markaðsaðstæður, afkomu og auðlindanýtingu hefur gert okkur kleift að kreista sérhverja krónu út úr markaðnum. En þau kreista líka allan styrk úr honum: kerfið verður fullkomið til þess að vinna eftir þeim aðstæðum sem við erum vön, en gjörsamlega ófært um að bregðast við breytingum á þeim aðstæðum.

Hlutverk löggjafans og eftirlitsaðilans í þannig umhverfi verður þá að gera allt til að koma í veg fyrir breytingar á ástandinu sem gætu ruggað bátnum.

FJÖLBREYTILEIKI

Í vistfræði kemur svipað fyrirbrigði fyrir þar sem þrýstingur er á lífverur að þróast með tilliti til rangra forsendna. En vistkerfið hefur alltaf átt sér tromp á hendi: fjölbreytileika.

Nýleg grein belgíska hagfræðingsins Bernard Lietaer, sem er meðal annars þekktur fyrir að hafa þróað peningakerfi Evrunar (og síðar skrifað tiltölulega svera bók um villu síns vegar í því máli), bendir á hvernig peningakerfi sæta mörgum sömu lögmálum og vistkerfi. Í greininni spyr hann hvort að peningakerfið sjálft geti verið undirrót óstöðugleikans í hagkerfinu okkar. „Hvers vegna nálgumst við heimskreppnuna 2008 eins og hún væri sú fyrsta? Alþjóðabankinn hefur bent á 96 bankakrísur og 176 peningahrun síðan að Nixon innleiddi fljótandi gengi gjaldmiðla á áttunda áratugnum" segir Lietaer.

Jafnvel fyrir þennan tíma voru kerfislæg hrun tæplega óalgeng. Milli Túlipanaæðisins í Hollandi 1637 og byrjun Kreppunnar miklu 1929 urðu í það minnsta 48 störfelld peningamarkaðshrun á heimsvísu.

Ef fjölbreytileikinn hefði verið meiri hefðu bankarnir síður hrunið hér eða flugsamgöngur lagst af í Evrópu út af minniháttar eldgosi í Eyjafjallajökli.

„Gæti þetta verið galli í peningakerfinu sjálfu sem veldur því að stýrikerfi kapitalismans hrynur í sífellu?" spyr Lietaer. Hann bendir á að í vistkerfum eru tvö andstæð öfl að verki: tilhneiging til samhæfingar, þar sem fjölbreytileiki minnkar en samhliða því minnkar getan til að bregðast við breytingum á aðstæðum, og tilhneiging til fjölbreytni, þar sem hagkvæmni og nýtni er fórnað til að ná fram mjög öruggu en mjög hæggengu kerfi.

„Verkfræði, hagfræði og viðskipti hafa einbeitt sér nær alfarið að því að auka hagkvæmni" segir Lietaer og bendir á að tilhneigingin til að byggja færri og stærri einingar sé byrjað að valda töluverðum skaða. „Til dæmis fyrir nokkrum áratugum þegar raforkukerfin tóku upp á því að bila í norðurhluta Þýskalands og víða í Bandaríkjunum. Þá höfðu þau verið hönnuð til að ná fram hámarks hagkvæmni" en einingarnar voru orðnar það stórar að ef eitt raforkuver bilaði þá jókst álagið á hin svo mikið að þau tóku upp á því að hrynja, eitt á fætur öðru.

Samskonar þróun má sjá í samgöngugeiranum. Í upphafi flugaldar voru loftskip og margar tegundir flugvéla að keppa við ýmiskonar skip, lestar og önnur farartæki við að koma fólki milli staða. Svo þegar kom í ljós að flugvélar væru hagkvæmastar lögðust Atlantshafssiglingar nánast alfarið af og loftskip voru afskrifuð með öllu eftir eitt slys þar sem tæplega helmingur farþeganna lést - þrátt fyrir ótal flugslys síðan þar sem mun fleiri hafa látið lífið. Lestar eru nú ýmist ríkisreknar eða hafa verið einkavæddar og eru reknar sem þriðja-flokks samgöngukerfi fyrir millistéttina og bakpokatúrista.

Ef fjölbreytileikinn hefði verið meiri hefðu bankarnir síður hrunið hér eða flugsamgöngur lagst af í Evrópu út af minniháttar eldgosi í Eyjafjallajökli. K

# Fjölmiðlarnir: Bati eða líknardeildin?

Fjölmiðlafólk upplifir nú einhverja sína verstu krísu í sögu blaðamennskunnar á Íslandi. Fyrr á árum plöguðu einna helst fábreytni og pólitískt eignarhald, en á síðasta áratug nýliðinnar aldar jókst fjölbreytnin til muna og flokksblaðamennskan leið undir lok. Þetta hefur þó ekki reynst sú lyftistöng sem ætla mætti.

FRIÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON
BLAÐAMAÐUR OG HÁSKÓLAKENNARI

„Hrunið" hefur þannig sýnt okkur að vantraust vegna eignarhalds einkaaðila varð ekkert minna en vantraustið vegna eignarhalds stjórnmálaafla. Hvað faglegar aðstæður blaða- og fréttamanna varðar, þá hefur fátt breyst til batnaðar. Raunar er mun nærtækara að tala um afturför, miðað við algengar kröfur á fjölmiðlafólk og viðteknar hugmyndir um hlutverk þess fyrir hina lýðræðislegu umræðu og upplýsingagjöf.

UPPSAGNIR OG ATGERVISFLÓTTI

Það er afleiðing „Hrunsins"; erfið fjárhagsstaða fjölmiðlanna sem aldrei fyrr. Vel á annað hundrað blaða- og fréttamenn hafa misst vinnuna eftir „Hrunið" og var atgervisflóttinn þó ærinn fyrir. Við niðurskurð og uppsagnir hefur einkum, og jafnvel helst, reyndum blaða- og fréttamönnum verið sagt upp, fólkinu með þekkinguna og reynsluna, sem nú þarf á að halda sem aldrei fyrr. Ódýrari, reynsluminni og „léttari" blaðamönnum er haldið eftir og þannig séð ýtt undir almenna alþjóðlega þróun, þar sem fréttirnar nálgast æ meir afþreyingarefni, en fjarlægjast hvers kyns djúpköfun af alvarlegri sort.

En fjölmiðlastéttin var svo sem í krísu fyrir „Hrunið", þótt annars konar hafi verið. Í bullandi góðærinu endurspegluðu fjölmiðlarnir góðærið en hugðu á lítinn sem engan hátt að undirstöðu góðærisins. Blaða- og fréttamenn urðu meðvirkir og þegar „varnaðarorð" komu að utan (frá útlendum greiningarfyrirtækjum og fjölmiðlum) var jafnvel lagst í vörn með útrásarvíkingum og stjórnvöldum.

Sem vitaskuld gengur þvert á viðteknar hugmyndir um hlutverk fjölmiðla. Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla, sem kom út í apríl 2005, er vitnað til þeirrar skoðunar „að fagleg blaða- og fréttamenska sé undirstaða lýðræðislegs þjóðfélags." Síðan segir: „Fjölmiðlar eiga að veita aðhald með því að halda uppi faglegri og sanngjarnri umfjöllun og fréttaflutningi. Með faglegri blaða- og fréttamennsku er átt við að þeir sem henni sinna séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og nálgist viðfangsefni sitt með hlutlægum hætti og með almannahagsmuni að leiðarljósi. Umfjöllunarefni mótist ekki af hagsmunum eigenda og auglýsenda eða persónulegum skoðunum blaðamanna eða fréttastjóra, heldur þjóni hagsmunum almennings með fréttum og fréttatengdri umfjöllun þar sem skýrt er frá málum á hlutlægan og sanngjarnan hátt".

JÁKVÆÐNI - GAGNRÝNISLEYSI

Hvernig stóðu fjölmiðlar landsins sig í téðu aðhaldi síðustu árin fyrir „Hrunið"? Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er greint frá niðurstöðum rannsóknar á umfjöllun fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki á árunum 2006–2008 sem Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti vann að beiðni vinnuhóps um siðferði og starfshætti á vegum rannsóknarnefndarinnar. Ég tók þátt í þessari fjölmiðlagreiningu ásamt Valgerði Jóhannsdóttur, Þorbirni Broddasyni og Kjartani Ólafssyni.

MEGINNIÐURSTÖÐUR ERU ÞESSAR:

Umfjöllun fjölmiðla um fjármálafyrirtæki var veruleg á árunum fyrir hrun fjármálakerfisins. Umfjöllunin jókst heldur eftir því sem á rannsóknartímabilið leið og voru 20 á dag árið 2008.

Langflestar umfjallanirnar voru metnar hlutlausar (79%) af Creditinfo. Fimmta hver umfjöllun taldist ýmist vera jákvæð eða neikvæð fyrir ímynd bankanna. Jákvæðar fréttir og greinar reyndust vera sex- til sjöfalt fleiri en hinar neikvæðu. Jákvæðnistuðullinn fór þó lækkandi eftir því sem á tímabilið leið.

Í þessari rannsókn fæst ekki staðfesting á tilgátum um bein áhrif eigenda á fréttaflutning þegar á heildina er litið. Fjölmiðlar fjölluðu ekki meira eða með jákvæðari hætti um fjármálafyrirtæki eigenda sinna en annarra.

Af einstökum fjármálafyrirtækjum var umfjöllun almennt jákvæðust um Landsbankann. Á móti hverri einni neikvæðri frétt eða grein um Landsbankann birtust 12 til 13 jákvæðar. Hjá hinum fjármálafyrirtækjunum var þetta hlutfall 1 á móti 4-7.

Af einstökum fjölmiðlum skar Viðskiptablaðið sig úr með hæst hlutfall jákvæðra frétta á móti neikvæðum en hjá DV var þetta hlutfall áberandi lægst. Hafa ber í huga að Viðskiptablaðið flutti nær fimmfalt fleiri fréttir af fjármálafyrirtækjum en DV.

Eftir mikla umfjöllun um erfiða stöðu bankanna frá hausti 2007 en þó einkum um vorið 2008 er eins og fjölmiðlarnir hafi „slakað á" um sumarið og snúið sér mikið til að öðrum efnisþáttum. Síðustu mánuðina fyrir hrun dregur úr umfjöllun og jákvæðum fréttum snarfækkar sem bendir til þess að bankarnir hafi verið

EN HVAÐ Á ÞÁ AÐ GERA?
„Það er kaldhæðnislegt að hagkerfi okkar er svona brothætt vegna þess að það er svo hagkvæmt. Peningakerfi nútímans er byggt á einræktun einnar gerðar peninga" segir Lietaer. „Allir gjaldmiðlar heims eru búnir til með sama hætti, sem skuld. Þessi einræktun er lögbundin til að vernda hagkvæmnina og ríkið tryggir þessa einræktun með því að krefjast þess að skattar séu eingöngu greiddir með þessari gerð peninga."

„Við þurfum meiri fjölbreytni" segir Gupta. „Áhættan er að það verði til ástand sem kallast keðjumögnun hruna. Eitthvað eitt fer úrskeiðis og svo bilar allt annað í kjölfarið. Matarverð hækkar og félagsnetið nær ekki að bregðast við og þá verður fólk reitt. Ef að ríkisapparatið nær ekki að bregðast við reiðinni á réttan hátt í tæka tíð, þá hrynur ríkið líka. Og svo framvegis."

Hann segir að við þurfum að hugsa hratt um aðferðir til að stöðva keðjumögnunaráhrif um leið og þau byrja, hvort sem þau eru fjárhagsleg, náttúruleg eða félagsleg.

„Ísland er í einstakri stöðu, hafandi verið það fyrsta sem fór fram af brúninni" segir Gupta. „Fólk verður að átta sig á því að heimurinn er algjörlega samofinn. Vandamál Íslands eru vandamál allra og vandamál allra eru vandamál Íslands. Hvort sem það er fátækt, hungursneyð eða spilling þá mun þetta skipta máli á einhvern hátt. Við verðum að lifa lífinu út á við."

Lietaer spyr: „Hversu mörg kerfishrun þurfum við að upplifa áður en við förum að læra af náttúrunni?" Því flóknari sem kerfin eru sem við byggjum líferni okkar á, því meiri þrýstingur verður á okkur þegar hlutir breytast hratt. Einföld kerfi geta þrifist vel, en við verðum að hætta að hugsa um hagkvæmni og byrja að hugsa um sjálfbærni. Við verðum að vera viðbúin vetrinum, hann kemur alltaf að lokum." Þetta vita Íslendingar manna best.

ÞJÓÐMÁL

# Feluleikur misgjörðarmanna



GUÐRÚN GUÐLAUGSDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

Misgjörðarmenn í fjármálum hafa nú öll spjót úti til þess að halda í það sem unnt er af ránsfeng sínum, sem þeir náðu í fyrir tilstilli meðvirkra stjórnmálamanna og kærulausra eftirlitsaðila.

Beitt er ýmsum ráðum og höfðað til alls konar tilfinninga samlandanna. Tökum til dæmis „týndu synina", sem í blöðum sínum og öðrum fjölmiðlum biðja nú afsökunar og vilja „snúa heim". Afsökun er sögð fram af semingi og nær ekki tilætluðum árangri. Og hafi misgjörðarmennirnir búist við að alikálfum verði slátrað þá getur það ekki orðið – þeir eru sjálfir búnir að slátra öllum alikálfum þessa lands og margfalt fleirum til.

Misgjörðafólk fjármála býr nú við að það sem áður þótti fínt hefur snúist upp í andhverfu sína. Þegar Range Roverarnir standa kyrrir á rauðum ljósum eru bílstjórar þeirra enn rauðari en ljósin. Þeir finna augnaráð hinna brenna á sér, á einhvern hátt er orðið skammarlegt að aka slíkum bílum. Stóru og glæsilegu designuppgerðu húsin á góðu stöðunum eru líka eigendum sínum til vandræða. Þau eru margveðsett til öryggis og húsráðendur læðast inn í þau í skjóli myrkurs.

Við búum í samfélagi þar sem ríkir önnur stéttaskipting en hafði yfirhöndina þegar verið var að eyða öllum erlenda yfirdrættinum. Nú eru þeir nægjusömu best settir, þeir sem skulda lítið í gömlum húsum og íbúðum og aka um á tíu ára gömlum smábílum. Með öðrum orðum; þeir síðustu eru orðnir fyrstir. Því fer þó víðsfjarri að við séum búsett í himnaríki. Þvert á móti hrærumst við í hreinsunareldinum.

Ýmisleg eru ráð hinnar fyrrverandi yfirstéttar til þess að ná aftur „vopnum sínum", eins og það er stundum orðað af stjórnmálamönnum úr þessum hópi. Einna sérkennilegastar eru þó tilraunir í þá veru að „hengja bakara fyrir smið". Í fjölmiðlum sem fulltrúar hinnar gömlu en afsettu yfirstéttar ráða ennþá er lymskulega reynt að gera aðra hópa í samfélaginu tortryggilega. Með stórum fyrirsögnum og hátíðlegu orðavali er m.a. talað um þær fjárhæðir sem hinir atvinnulausu svíkja út úr samfélaginu. Þarna er óréttlætið sett í hásæti og ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Fólk sem er fátækt vegna atvinnumissis er í fjölmiðlum sakað um að valda samfélaginu umtalsverðu tjóni en hlífiskildi sýnist á stundum haldið yfir skaðvöldunum, sem urðu til þess að atvinnulausir misstu lifibrauð sitt. Yfirstéttin fyrrverandi, sem stal öllum yfirdráttinum, reynir sem sagt að koma ósómanum yfir á þá sem misgjörðirnar bitnuðu mest á. Stórmannlegt atferli er þetta ekki.

Enn dapurlegra er þegar í hneysklunartón er skrifað og rætt um „fólk sem sníkir" matargjafir af líknarfélögum eins og Mæðrastyrksnefnd án þess, að því er sagt er, að eiga tilkall til þeirra. Þetta veslings fátæka fólk er þannig dæmt og léttvægt fundið – beinlínis sagt að það eigi ekki skilið að fá kjöt, grænar baunir og rauðkál einu sinni viku eftir langar stöður í biðröðum. Enn er þarna legið á því lúalagi að drepa málinu á dreif og kenna saklausum lítilmagnanum um ófarir samfélagsins. Þannig tekst oft dag eftir dag að þyrla upp ryki svo hinir raunverulegu glæpamenn sjáist ekki í öllum atganginum.

Fjölmiðlafólk ætti að gæta sín að láta ekki nota sig á þennan hátt. Þarna er um lævíslegan áróður að ræða sem ætlaður er til að hylja slóð misgjörðamannanna og koma sök á saklausa. Það verður að gera þær kröfur til þeirra sem skrifa og ræða um málefni samtímans að þeir skilji hafra frá sauðum. Setji þá í gapastokkinn sem þar eiga heima.

Stór skörð hafa líka verið höggvin í hina félagslegu auðlegð Íslendinga. Dæmi um slíkt mátti sjá þegar lögreglan handtók fólk í réttarsal sem ekki hafði annað til saka unnið en að fá ekki sæti. Í því tilviki jós dómarinn ekki af félagslegum viskubrunni sínum og mannkærleika.

Sársauki vegna hrunsins býr ekki aðeins í hugum þeirra sem misst hafa starf og búa við fátækt. Misgjörðarmenn fjármálaheimsins og hjálparkokkar þeirra hafa misst það sem dýrmætara er – mannorð sitt og oft ættingja- og vinatengsl. Þeir gleðjast ekki yfir birtu sumarsins sem búa í myrkri veröld hinna útskúfuðu. Ótrúlega margar fjölskyldur eiga á einhvern hátt um sárt að binda vegna óhæfuverka þeirra sem ollu bankahruninu á Íslandi.

Margt í aðdraganda bankahrunsins nú minnir á fjármálahneyksli sem fyrir röskum 100 árum vakti mikla athygli á Íslandi. Peter Adler Alberti, sem var dómsmálaráðherra Dana og réð mestu um að Hannes Hafstein var skipaður fyrsti ráðherra Íslands, gaf sig fram við lögreglu 8. september 1908 og játaði stórfelldan fjárdrátt og svik sem m.a. tengdist Sparisjóði sjálenskra bænda sem hann hafði stjórnað um árabil. Að skuldadögum kom eftir að áhættufjárfestingar Albertis og krosseignatengsl fyrirtækja sem hann stjórnaði voru komin langt úr böndum. Alberti hafði með leynd fengið stórt lán úr ríkissjóði sem hann gat ekki greitt þegar þess var krafist.

Athyglisvert er að eitt síðasta embættisverk Albertis sem dómsmálaráðherra var ný löggjöf um réttarfarsmálefni. Þar var m.a. kveðið á um að fangaverðir skyldu ævinlega þéra fanga og að fangar fengju við brottför vexti af því kaupi sem þeir ynnu sér inn í refsivistinni. Christensen forsætisráðherra stjórnar þeirrar sem Alberti var í kom ásamt Sigurd Berg fyrir Landsdóm fyrir misferli í embættisrækslu vegna samstarfs við Alberti. Tók sá málarekstur tvö ár. Christensen var sýknaður en honum veitt áminning. Berg fékk sekt. Nú er bara að sjá hvort stjórnmálamennirnir sem rannsóknarskýrslan okkar telur seka um vanrækslu í starfi fari fyrir Landsdóm. Fái þeir dóm verða þeir þó fráleitt þéraðir í fangavistinni - en vel má vera að þeir fái vexti af vinnu sem þeir inna af hendi í refsivist sinni. Og líklega halda þeir óskertum hinum ríflegu eftirlaunum sem þeir skömmtuðu sér sjálfir á velmektardögunum. K

## KJALLARINN

orðnir uppskroppa með jákvæðar fréttir af rekstri sínum.

Innihaldsgreining á úrtaki frétta frá 2006 til 15. september 2008 bendir til þess að umfjöllunin hafi ekki alltaf verið ítarleg þótt magnið hafi verið mikið. Í 4 af hverjum 5 fréttum fjölmiðla um fjármálafyrirtækin var það mat greinenda að sjálfstæð efnisöflun og greinandi umfjöllun hefði verið lítil eða engin. Þetta á einkum við styttri fréttir á innsíðum dagblaðanna en þær eru bróðurparturinn af fjöldanum (62%). Þegar hins vegar skoðaðar voru fréttir sem prentmiðlarnir settu á útsíður eða slógu upp sem burðarfréttum á innsíðum er meira lagt í vinnubrögðin. Aðeins 7% þeirra frétta hafa enga greinandi vinnslu á bak við sig.

Ýmislegt bendir til að stór hluti umfjöllunar um fjármálafyrirtækin hafi átt uppsprettu sín í efni frá fyrirtækjunum sjálfum, ekki síst jákvæðu fréttirnar eins og við mátti búast. 15% frétta og greina byggðist á fréttatilkynningum eingöngu og í 37 % tilvika voru þær ein af þeim heimildum sem stuðst var við. Því hærra hlutfall frétta sem byggðust á fréttatilkynningum þeim mun fleiri voru jákvæðu fréttirnar. Og því meiri sem greinandi umfjöllun fjölmiðla var þeim mun fleiri voru neikvæðu fréttirnar.

Þegar mælingar á sjálfstæðri efnisöflun og greinandi vinnubrögðum eru teknar saman í gæðastuðul sést að hann var lægstur 2006, en fór eftir það smám saman hækkandi að jafnaði. Það á þó ekki við síðustu vikurnar fyrir fall bankanna.

SVEFNINN LANGI

Af öllu þessu finnst mér einna merkilegust sú staðreynd, að sumarið 2008 „sofnuðu" fjölmiðlarnir algerlega á verðinum. Aðhald hafði smám saman verið að aukast og jafnvel má tala um talsvert gagnrýna umfjöllun um vorið 2008, en þá kom sumarið og þessu var alls ekki fylgt eftir; þvert á móti er eins og fjölmiðlar hafi ákveðið að búið væri að redda öllu í fjármálalífinu og best að snúa sér að sumarlegri umfjöllunarefnum.



TEIKNING HEIÐA SIGRÚN/KRÍTÍK

Afleiðingin er sú að „Hrunið" kom fjölmiðlamönnum og þar með helftinni af landsmönnum algerlega í opna skjöldu. Jafnvel fall Lehmanbankans um miðjan september leiddi ekki til umtalsverðra frétta og fréttaskýringa um mögulega áhrif á Íslandi. Fjölmiðlum tókst ekki að leiða fram og birta í fréttum sínum upplýsingar um stórkostlegan vanda fjármálafyrirtækja landsins, hvað þá að upplýsa að hrun væri yfirvofandi. Fjölmiðlar endurómuðu miklu fremur ríkjandi raddir í samfélaginu. Fjölmiðlum tókst ekki að þessu leyti að sinna aðhaldshlutverki sínu og þá allra síst sumarið 2008.

ÓVIÐUNANDI VINNUAÐSTÆÐUR

Ekki síst í ljósi þess ástands sem fyrir var og hefur verið lenskan í blaða- og fréttamennsku á Íslandi; undirmönnun, skortur á sérþekkingu, vinnuálag, tímaþröng, langur vinnudagur, atvinnuóöryggi og, meðal annars vegna eignarhaldsmála, sjálfsritskoðun. Í MA ritgerðum Katrínar Pálsdóttur og Friðriks Þórs Guðmundssonar árið 2006 kom fram að blaða- og fréttamenn töldu sig vera í undir miklu vinnuálagi og vinna í miklili tímaþröng. Þeir fái ekki tækifæri til að sérhæfa sig eða setja sig vel inn í mál og sé gert illkleift að gegna aðhaldshlutverki sínu. Og þetta var þegar einna best lét!

Auðvelt er að afskrifa þessa þætti sem dagleg vandamál sem víðast hvar þekkjast. En slíkt er fullkomlega óréttmætt, því þessar vinnuaðstæður skipta oftast sköpum, ekki síst í fámennu samfélagi þar sem „allir þekkja alla". Blaða- og fréttamaður sem bæði er með of mikið á sinni könnu og er heftur af beinum og óbeinum ritskoðunum (annarra eða sjálfs sín) er ekki líklegur til að geta kafað að ráði undir yfirborð atburða en er þvert á móti líklegur til að afgreiða mál fljótt og yfirborðskennt og einna helst út frá því sem að honum er rétt utanfrá af hagsmunatengdum aðilum.

Ofan á allt ofantalið bætist að minnkandi traust á landsmálafjölmiðlum hefur beint athygli fólks, sem vill fylgjast með, að ýmsum fréttakenndum vefmiðlum og blogg-skrifum. Margt af því er efnislega prýðilega fram sett, en byggt á persónulegu eða pólitísku sjónarhorni. Og mætir þar af leiðandi ekki kröfum eða óskum um faglega bætta umfjöllun og frammistöðu eiginlegra fjölmiðla.

SÓKN?

Að mínu viti felast sóknarmöguleikar íslenskra fjölmiðla á næstu mánuðum í því að ritstjórnir þeirra reisi öfluga „Kínamúra" milli sín og eigenda fjölmiðlanna og taki á engan hátt tillit til hagsmuna sömu eigenda (og ritstjóra þar sem því er að skipta) við umfjöllun um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og þeirra mála sem koma munu frá sérstökum saksóknara. Ef fjölmiðlarnir falla á þessu prófi þá er tómt mál að tala um sókn, og heitstrengingar verða lítils virði. K

LJÓSMYNDAFRÁSÖGN


















1 Sorphirða í Kairó hefur um áratuga skeið verið í höndum Zabbaleen-fólksins. Venjulega sjá karlmennirnir um söfnun sorpsins og konurnar flokka það. Óopinber endurvinnslugeiri hefur þróast í ruslborgunum og 95% alls úrgangs hafa verið endurnýtt.

2 Isac Michael, forseti Samtaka sorphirðumanna fyrir samfélagsþróun (Association of Garbage Collectors for Community Development) situr á skrifstofu sinni.

3 Haykal Nassar getur ekki hugsað sér að búa annarsstaðar en í ruslborginni þó hún sé engin paradís.

4 Umi Romani, 45 ára sjö barna móðir, hefur unnið við flokkun sorps frá barnsaldri.

5 Hundar á vappi í ruslborginni Ezbeth el-Nakhl.

6 Síðan á 9. áratugnum hefur nánast öllum skúrum verið skipt út fyrir einföld múrsteinshús síðan á níunda áratugnum. Sú þróun er á undanhaldi.

7 Árið 2002 ákváðu yfirvöld í Kairó og nágrannasveitafélaginu Giza að kaupa frekar sorphirðuþjónustu af fjölþjóðlegum förgunar-fyrirtækjum á borð við ítalska fyrirtækið AAEC. Sú ákvörðun ógnar lífsafkomu Zabbaleen-fólksins.

8 Börnin hjálpa foreldrum sínum við söfnun og flokkun sorpsins, en stöðugt fleiri þeirra ganga þó í skóla.







# Ruslborg

JESPER KLEMEDSSON   JESPER@ANRAPHOTOS.COM

**Samkvæmt skýrslu Sameinuðu Þjóðanna um uppbyggingu í Arabalöndunum lifa um 41% Egypta undir fátækramörkum. Í öðrum gögnum má finna tölur um að 65% íbúa Egyptalands búi við ófullnægjandi húsnæðisskilyrði. Það á við í hinum gríðarstóru fátækrahverfum Kairó. Meðal þeirra eru sjö svokallaðar „ruslborgir", en íbúar þeirra kallast Zabbaleen. Zabbaleen fólkið er hátt í 100.000 manns, afkomendur landlausra bænda sem settust að í úthverfum Kairó uppúr miðri 20. öld og lifðu að miklu leyti á ruslahaugum borgarinnar.**

**Þar til nýlega átti flest Zabbaleen-fólk svín, sem átu lífrænan úrgang hauganna. Sala á svínakjöti gaf síðan velþegnar aukatekjur. Í áranna rás hafa ýmsar úrbætur átt sér stað í ruslborgunum, múrsteinshús hafa verið byggð í stað fjölda skúra, stöku gata malbikuð og stöðugt fleiri börn úr Zabbaleen-fjölskyldum hafa hafið skólagöngu.**

**Árið 2002 tóku egypsk yfirvöld ákvörðun um að kaupa þjónustu stórra fjölþjóðlegra fyrirtækja um förgun úrgangs, án þess að vara Zabbaleen-fólkið við breytingunum. Um svipað leyti voru bannaðar, á flestum svæðum í Kairó, þær asnadregnu kerrur sem flestir notuðu við að safna ruslinu. Helstu tekjulindum Zabbaleen-fólksins var því ógnað allverulega.**

**Allt að 90% sorpsins voru endurunnin eða -nýtt af Zabbaleen-fólkinu, á meðan núverandi endurvinnslufyrirtæki endurnýta aðeins um 20%**

**Vorið 2009 kom annað bakslag fyrir Zabbaleen-fólkið, þegar yfirvöld ákváðu að útrýma öllum svínastofni Egyptalands, sem forvarnarviðbragð við svínaflensunni.**

**Zabbaleen-fólkinu var heitið skaðabótum; 50% af markaðsverði dýranna. En þegar yfirvöldum varð ljóst umfang endurgreiðslanna var dregið verulega úr þeim og margir stóðu eftir án nokkurra bóta.** K







**FRÁ MYNDRITSTJÓRA**

## LJÓSMYNDAFRÁSÖGN (e. photo story)

Ljósmyndafrásögn eru fjöldi ljósmynda, þar sem hver ljósmynd stendur með og styrkir hinar ljósmyndirnar. Ljósmyndafrásögn er ekki línuleg frásögn sem hægt er lesa eins og texta. Með því að standa saman í einni frásögn gefa ljósmyndirnar meiri upplýsingar en þær hefðu gert hefðu þær staðið einar. Einfalt dæmi: tvær myndir, portrett af þekktum stjórnmálamanni og nærmynd af skrifborðinu hans. Með því að skoða þessar tvær myndir saman höfum við möguleika á kynnast viðfangsefninu betur en ef við hefðum eingöngu séð portrettið eða skrifborðið. Þar með er ekki sagt að gott portrett geti ekki staðið eitt og sér, enda gerir það það oftast. En með því að bæta við myndinni af skrifborðinu fæst heild sem er stærri en summa partanna. Ef vel tekst til fáum við að sjá aðra hlið á manninum en við sjáum venjulega.

Jesper Klemedsson, sænskur ljósmyndari, tók þessar myndir á meðan hann beið í Egyptalandi eftir leyfi ísraelskra yfirvalda til að fara yfir landamærin til Gaza. Leyfið fékk hann aldrei.

BRYNJAR GUNNARSSON   BILLI@KRITIK.IS

PISTILL

# Röddin okkar

Allt var eins og það átti að vera, árið 2005. Allt komið á sinn stað, engin ástæða til að efast um neitt í fullkomnum heimi. Einhverjir gátu ekki á sér setið að tuða yfir Íraksstríðinu, Kárahnjúkavirkjun eða jafnvel eignarhaldi auðkýfinga á fjölmiðlum og matvælamarkaði, já öðrum eins tittlingaskít, hinu og þessu í þeim dúrnum, efasemdum um sjálfa heimsmyndina. Það voru þreytandi kvabbraddir, sannkallað kverúlantaraus, sem gerði ekkert nema bregða skugga á annars sólríka veröld. Þessar raddir fengu auðvitað að heyrast í fjölmiðlum en þó ekki meira en góðu hófi gegndi. Dýrmætur starfskraftur og pappír átti að fara í að halda úti lífsstílsgreinum og auglýsingum. Blaðaefni í anda fullkominnar veraldar.

Veröld sem var.

VALDIÐ MITT OG VALDIÐ ÞITT
Nú sitjum við eftir með sárt ennið í ófullkomnum heimi. Ásökum jöfnum höndum stjórnmálamenn og útrásarvíkinga fyrir að hafa svipt okkur sakleysinu. Syrgjum heim sem var aðeins ásýnd ein, eins og sjálfa bernskuna. Gleymum, líkt og unglingur í mótun, að hver er sinnar gæfu smiður; valdið er vissulega okkar en því fylgir ábyrgð. Þau sem vilja búa í þroskuðu, þróuðu og gegnsæju lýðræðissamfélagi verða, hvert og eitt, að hlúa að því.

AUÐUR JÓNSDÓTTIR

RITHÖFUNDUR

Það er ekki endalaust hægt að gera kröfur um betra samfélag án þess að leggja sjálfur eitthvað af mörkum til þess að byggja það upp. Nú hváir kannski einhver: Hún getur trútt um talað, hvað ætli hún viti um aðstæður og ógöngur mínar? En hér á ég ekki við það vald sem felst í mætti peninga eða þá vanmætti þess sem á þá ekki til. Nei, valdið sem hvert og eitt okkar hefur í höndum sér er kennt við fjóra, við eigum fjórða valdið, það er vopn fólksins í landinu til að verja sjálft sig og móta betra samfélag jafnt sem betri heim.

AÐ VERA FJÖLMIÐLANEYTANDI
Það eru virkileg forréttindi að eiga kost á því að búa í landi þar sem hverjum og einum er frjálst að tjá skoðanir sínar í fjölmiðlum, þar sem fólk getur sýnt vanþóknun sína á bágum vinnubrögðum með því að sniðganga viðkomandi fjölmiðil og hafa raunveruleg áhrif á fjölmiðlalandslagið, síðast en ekki síst með því að styrkja þá fjölmiðla sem standa sína plikt.

Við ráðum hvaða fjölmiðla við kaupum, í hvaða fjölmiðlum við auglýsum, hvernig við lesum fjölmiðla, hvaða fjölmiðla við viljum láta dafna í samfélaginu okkar og á hvaða forsendum. Að sýna það í verki getur haft siðferðisspurningar í för með sér. Við þurfum að horfast í augu við eigin ábyrgð, í fortíð og framtíð. Vera þroskaðir fjölmiðlaneytendur, nógu drastísk var jú lexían.

AÐALSÖGUHETJURNAR Í SANNLEIKSSKÝRSLUNNI
Þessa dagana treður landinn marvaðann í ausandi fréttaflaumi, löngu búinn að gleyma að fjölmiðlarnir eiga ekki okkur heldur við þá. Þá segir einhver, Abbababb! Fréttablaðið og Morgunblaðið, lúta þau ekki yfirráðum aðalsöguhetjanna í sannleiksskýrslunni, hvort með sínum hætti?

Og jú, svo sem fátt hægt að segja við því. En það firrir okkur ekki ábyrgð. Það var íslenskt samfélag sem fæddi af sér þessar alræmdu söguhetjur, ól púkana á fjósbitanum með smjöri og rjóma, nokkuð sem aldrei hefði gerst ef fjölmiðlarnir hefðu sýnt nægilegt aðhald. Og fjölmiðlarnir, þeir eru ekkert annað en við. Þeir eru röddin okkar. K

PÓSTKORT: LONDON SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR

# London: borg fyrir ungt fólk á öllum aldri

Það er langt síðan menn komust að því að mannskepnunni er nauðsynlegt að umgangast annað fólk til að komast almennilega að því hver hún er. Maður er ekki aðeins manns gaman. Maður er líka spegill. Spegill fyrir annað fólk að spegla sig í, í leitinni að hver við séum.

En staðir eru okkur einnig speglar. Maður finnur þetta um leið og farið er í ferðalag. Þá örlar strax á þessari tilfinningu að maður sé ekki alveg sá sami á öðrum stað en þeim gamalkunna. Tilfinningin tekur sér þó ekki bólfestu fyrr en tækifæri gefst til að flytja. Ekki bara úr einni götu í aðra eða úr einu hverfi í annað heldur úr einum stað í annan, úr einu landi í annað.

Ég fór að velta þessu fyrir mér eftir að ég leit við einn daginn á forsýningu hjá uppboðsfyrirtækinu Sotheby's. Þetta var í september 2008 á meðan heimurinn virtist enn í heilu lagi. Lehman-bankinn ekki hruninn, íslenska bankaþríeykið enn til og hverjum datt annað í hug en að sparisjóðirnir stæðu svo lengi sem land væri byggt. Sotheby's var að sýna verk eftir enska listamanninn Damien Hirst, einn af þessum listamönnum sem voru einu sinni ungir og urðu þekktir af því að auglýsingastofueigandinn Saatchi fór að safna verkum þeirra og bjó til úr þeim safn. Hirst varð frægur yfir að saga í sundur hákarla og önnur dýr og setja í formalín. Það er víst ekki einfalt að eiga þessi verk því kerin verða lek, dýrin leysast upp og úr getur orðið heldur óyndislegur grautur.

Þó ég sé enginn aðdáandi Hirst og hafi litlar mætur á dauðum dýrum ákvað ég nú samt að skoða þessa umfangsmiklu sýningu á verkum hans sem svo átti að bjóða upp. Sem ég reikaði um og staðfestist í skoðun minni að Hirst væri farinn að framleiða skrautverk í stað listaverka – mýgrútur deplamálverka, óteljandi verk úr fiðrildavængjum sem hljóta að hafa hoggið stórt skarð í viðkomandi fiðrildastofna – stóð allt í einu gráhærður maður við hlið mér og vildi vita hvað mér þætti um Hirst. Það kom í ljós að þetta var þýskur blaðamaður, búsettur í London eins og ég. Og af því okkur útlendingum hérna er mjög hugleikið hvernig það sé að búa í London leiddust samræðurnar fljótt frá Hirst út í hvernig okkur félli breska höfuðborgin.

Við vorum bæði sammála um aðdáun okkar á borginni. Með sjálfri mér giskaði ég á að Þjóðverjinn væri kominn eitthvað yfir sextugt en bæri aldurinn vel. Ekki man ég nú hvað leiddi til þess að hann fór að ræða hvernig það væri fyrir fólk á hans aldri að búa í borginni. Ég vona að minnsta kosti að ég hafi ekki spurt umbúðalaust hvernig væri fyrir gamalt fólk að búa í London en hvað um það þá sagði viðmælandi minn við mig að London héldi manni ungum. Hér væri svo mikið af ungu fólki að gera áhugaverða hluti, svo margt að fylgjast með, sjá og heyra og því alls ekki hægt að staðna og tréna. Svo slitum við tali, sammála um að okkur þætti Hirst ekkert sérlega áhugaverður og líka sammála um hvað það væri frábærlega gaman að búa í London.

> London er svolítið eins og frekja sem lætur mann aldrei í friði heldur er stöðugt að spyrja hvað maður sé að gera hér, hvað maður ætli sér, hvort maður sé að fara eða ætli sér að vera og þá til hvers.

Mér hefur oft orðið hugsað til þessa þýska viðmælanda míns því hér í Englandi er það viðloðandi skoðun að þegar fólk eldist vilji það endilega, og því sé hollast, að draga sig út úr borgarskarkalanum. Það þarf ekki að horfa lengi í kringum sig í íbúðahverfunum miðsvæðis í borginni til að sjá að margir kjósa þessa leið, ekki mikið af gömlu fólki á rölti. Í mínu nágrenni er bara ein gömul kona sem ég sé að staðaldri. Hún gengur reglulega um skemmtigarð hverfisins, kengbogin í baki með kjagandi akfeitan bolabít sér við hlið. Þegar hann þreytist fær hann að setjast í barnakerruna sem sú gamla keyrir á undan þeim. Ég er ekki sannfærð um að hún hafi valið að búa hér í höfuðborginni af því að henni finnist borgin áleitin og spennandi eins og hinum þýska viðmælanda mínum fannst.

Það eru vissulega margir ókostir við að búa í stórborginni: umferðin er yfirþyrmandi og heldur stöðugt aftur af manni nema maður skutlist um í neðanjarðarlestum sem liggja nálægt áfangastöðum og án þess það þurfi að skipta nema í mesta lagi einu sinni um neðanjarðarlínu. Líka mikið af fáránlega ljótum götum og húsum þegar betur er að gáð. En ef maður getur leitt allt þetta hjá sér þá lumar borgin á ýmsu sem örvar hugsunina.

Þó borgin sé dýr – húsnæði dýrt, samgöngur dýrar – og laði því að sér auðjöfra allra landa, eins og Íslendingar vita núorðið eftir að hér bjuggu ýmsir landar í dýrðlegu boði íslensku bankanna – þá er samt nóg af ódýru svigrúmi fyrir ungt fólk sem er að gera áhugaverða hluti eða bara að þreifa sig áfram. London gefur fólki reyndar ekki tækifæri til að hanga og hugsa, það verður að sýna einbeitni og eftirfylgni en það er þó hægt að lafa hér nógu lengi til að prófa eitt og annað. En einmitt af því að borgin er krefjandi þá er hún líka meira spennandi. Knýr fólk til að leggja sig fram.

London er svolítið eins og frekja sem lætur mann aldrei í friði heldur er stöðugt að spyrja hvað maður sé að gera hér, hvað maður ætli sér, hvort maður sé að fara eða ætli sér að vera og þá til hvers. Á þessum stað eins og öðrum er auðvitað hægt að lifa lífinu án þess að hugsa um umhverfið, fara alltaf sömu göturnar í sömu erindunum. En fjölbreytileiki borgarinnar – ólíkt yfirbragð hverfanna, ólíkt fólk, ólíkur matur og landslag – laðar líka fram ólíka þætti í fari manns. Þess vegna er líka erfitt að fá nóg af borginni því þegar fjölbreytileikinn er aðdráttaraflið ýtir hann stöðugt undir löngun til könnunar og lætur mann aldrei alveg í friði. K

PÓSTKORT: RÓM FRANCESCO ALESI



Áin Tíber rennur gegnum Róm miðja. Hún er því miður mjög menguð og aðgengi að henni ekki gott. Áin nýtist borgarbúum því lítið og mjög óvenjulegt er að sjá einhvern stinga sér til sunds.

MENNING



MYND PÁLL STEFÁNSSON

# Ljósmyndari á bögglabera

Á miðri umferðargötu á Grænhöfðaeyjum liggur hvítur maður í stuttbuxum. 20 manns hafa myndað hálfgerða girðingu í kringum hann, af forvitni, til þess að það verði ekki ekið yfir hann. Hvíti maðurinn er Páll Stefánsson og hann var að ljúka við að taka forsíðumynd bókarinnar *Áfram Afríka!*

ÁSGEIR H. INGÓLFSSON ASGEIRHI@KRITIK.IS

„Þetta var í síðustu ferðinni, við vorum búnir að ræða alls kyns forsíðumyndir. Næstsíðasta daginn tók ég svo þessa mynd sem endaði á forsíðunni. Svolítið guðleg, mjög einföld. Ég sá stráka að leika sér með bolta, þegar ég beygði mig niður losnaði ég við hús og tré sem voru þarna í bakgrunni, þannig að ég lagðist bara á umferðargötuna til þess að ná þessari mynd.“ Þetta er skuggamynd, tekin á móti sólinni, bolti fyrir ofan hausinn á strák. Stuttu seinna gekk gamall maður inn í ramann og sú mynd endaði líka í bókinni. Myndirnar eru 199 og eiga tvennt sameiginlegt; Afríku og fótbolta. Samt er þetta ekki fótboltabók.

Þetta er ferðalag um Afríku, þetta er í sjálfu sér ekki fótboltabók, það er bara fótbolti á hverri mynd. Ég hafði verið töluvert í Afríku og mig langaði að sýna jákvæða mynd af álfunni. Þegar fólk talar um Afríku hugsa flestir um hungursneyð, blóðdemanta og einhvern viðbjóð, en það var bara ekki sú mynd sem ég sá og ég vildi sýna heiminum rétta mynd af Afríku. Þar fannst mér fótbolti tengja þetta saman, hann er tæki til að sýna hina sönnu Afríku, glaða, litríka og skemmtilega.“ Bókin kemur út bæði á íslensku og ensku 11. júní, daginn sem fyrsta heimsmeistaramótið í Afríku hefst.

En hvað er mikil vinna á bak við þetta verkefni? „30 mánuðir, 15 ferðir og 25 lönd, öll menningarsvæði Afríku. Frá Marokkó í norðri til Suður-Afríku og allt þar á milli.“ Og ferðamátinn var ekki flókinn. „Trikkið er: Ekkert plan. Þú flýgur á einhvern flugvöll og leigir bíl og bílstjóra, svo bara keyrir maður og ef það er fótbolti þá stoppar maður. Það er alltaf fótbolti einhvers staðar.“

En gerði hann eitthvað fleira allan þennan tíma? „Ég tók myndir. Ég er ekki að djóka, ég gerði ekkert annað. Þetta er allt tekið á filmu á myndavél sem á meira heima í stúdíói. En mig langaði að gera þessa bók í flottustu gæðum sem völ var á. Ég vildi líka búa til bók sem væri ekki margar keimlíkar myndir, hún varð að hafa stíganda og ryþma. Ég sé myndirnar ekki fyrr en ég kem heim, en myndirnar koma til mín og nú þegar þær eru komnar út á bók eiga þær algjörlega sjálfstætt líf.“ Það eru 199 myndir í bókinni, hvað voru þær margar utan bókar? „Ætli ég hafi ekki tekið um 20 þúsund myndir, eitt prósent ratar inn. Í sjálfu sér tek ég ekkert mikið, en á vikutíu dögum er maður vinnandi 14 tíma, alltaf á fullu.“

„Þú kemur út á flugvöll, það eru sjö vegabréfseftirlit. Biðröð eftir biðröð, þú skilur þetta ekki en sumir hlutir eru alveg sjálfsagðir í Afríku.“

Ferðalagið segir Páll hafa gengið átakalaust fyrir sig. „Maður lenti í ævintýrum en maður lenti aldrei í hremmingum. Það var ótrúlegt hvað þetta gekk þægilega fyrir sig,“ segir hann. Munurinn á ævintýrum og hremmingum felst líkast til í eina ráðinu sem hann gefur þeim sem hyggja á Afríkuferð. „Gott skap. Það er það eina. Þú kemur út á flugvöll, það eru sjö vegabréfseftirlit. Biðröð eftir biðröð, þú skilur þetta ekki en sumir hlutir eru alveg sjálfsagðir í Afríku. En ég er búinn að vinna við þetta í 25 ár, verið mikið á ferðinni og það er ekkert sem kemur manni á óvart lengur,“ segir hann og stenst svo ekki mátið að segja mér frá einum hremmingum. „Ég var í litlu þorpi og ætlaði að fljúga daginn eftir, var búinn að panta leigubíl, til að geta flogið frá Monti til Timbúktú, klukkutíma flug. Ég vakna eldsnemma, leigubíllinn kemur ekki og ég spyr næturvörðinn hvar hann gæti verið. Við hringjum og hringjum, loksins vaknar leigubílstjórinn, blindfullur, hafði fengið góðan túr og var 400 kílómetra í burtu. Þá segir næturvörðurinn: ég skal reiða þig. Þannig að ég sit á bögglaberanum með allar myndavélagræjurnar, heila 50 kílómetra á flugvöllinn. Svo kem ég á flugstöðina, þar er enginn, flugstjórinn kallar Stefánsson, Stefánsson. Ég fer um borð og þar sat bara einn farþegi í hundrað manna vél. Þetta er svolítið Afríka.“

## FÍLABEINSSTRÖNDIN HEIMSMEISTARI

Bókin heitir *Áfram Afríka!* en það eru sex Afríkulið að keppa í HM – er Páll búinn að ákveða hvaða lið hann styður? „Nei, en ég veit hverjir vinna keppnina. Fílbeinsstrendingar. Það er jafn öruggt og ég heiti Páll,“ segir hann en afskrifar Evrópumeistarana þó ekki alveg. „Í átta liða úrslitum verður hreinn úrslitaleikur, Fílabeinsströndin-Spánn, ef Spánverjar drullast til að vinna þann leik verða þeir heimsmeistarar. Fílbeinsstrendingar eru í alveg skelfilega erfiðum riðli, Brassar, Portúgalir og þeir.“

Páll er þó kannski ekki fullkomlega hlutlaus í þessum spádómi sínum, enda er helsta stjarna Fílabeinsstrandarinnar, Didier Drogba, framherji Englandsmeistara Chelsea, og hann skrifar formála bókarinnar. Þá skrifar nígeríska skáldkonan Chimamanda Ngozi Adichie grein um sumarið 1996 þegar Nígeríumenn urðu Ólympíumeistarar, en bók hennar, *Hálf gul sól*, hefur komið út á íslensku. Loks ritar Ian Hawkey eftirmála, en fyrir þá sem vilja kynna sér sögu afrískrar knattspyrnu nánar má benda á bók hans *Feet of the Chameleon*, sem og bækur á borð við *Elephants, Lions and Eagles*, *Has Anybody Got a Whistle?* og *Africa United*.

# Lífsháski kúrdíska galdramannsins

## Bahman Ghobad og ritskoðunin, listin og ástin

ÁSGEIR H. INGÓLFSSON ASGEIRHI@KRITIK.IS

Til hvers erum við menningarblaðamennirnir? Til hvers að taka viðtöl, skrifa dóma, segja frá því hvað fólk er að skapa, reyna að setja það í samhengi? Torrætt svarið má finna í titli bíómyndar sem ég sá á Cannes fyrir tæpu ári, *Enginn veit um Persakettina* eftir Bahman Ghobadi. Það er alls óvíst að þessi magnaða mynd komi nokkurn tímann í íslensk kvikmyndahús, en það breytir engu um það að þetta er saga sem mér ber að segja.



Bahman Ghobadi kynntist ég fyrst á kvikmyndahátíð í Reykjavík þar sem ég sá þrjár myndir þessa kúrdíska leikstjóra á rúmum sólarhring. *Tími fyrir drukkna hesta* og *Hálfmáni* eru báðar mögnuð kvikmyndaverk en það var *Skjaldbökur geta flogið* sem festi nafn Ghobadi endanlega í flýtiminninu yfir bestu kvikmyndaleikstjóra veraldar. Þú munt aldrei sjá hjartahreinni börn en aðalpersónur þeirrar myndar og manngæska þeirra og samheldni bræða jafnvel kaldlyndustu hjörtu.

Í Cannes deildi Ghobadi svo með mér leyndarmáli, leyndarmálinu um persnesku kettina. Persneskir kettir eru hinar mestu friðsemdarskepnur en mega þrátt fyrir það ekki vera á almannafæri. „Það sama gildir um tónlistarmenn í Íran, þeir eru friðsamir og meinlausir, þá dreymir aðeins um að spila tónlist,“ segir Ashkan, einn tónlistarmannanna. Um þessa tónlistarmenn fjallar Ghobadi í *Enginn veit um Persakettina*, heillandi ferðalagi um heim popptónlistar í Teheran, en ekki síður mögnuðu ferðalagi um borgina sjálfa, sem nær hápunkti sínum þegar við heyrum kjarnyrt íranskt rapp á þaki yfirgefins háhýsis á meðan myndavélin fer í ferðalag um göturnar fyrir neðan. Myndin er skotin eins og heimildarmynd og þótt hún sé leikin eru allar sögurnar sannar.

En ef myndin sjálf var ekki nóg til þess að minna mann á að listin getur snúist um líf eða dauða þá var fundur minn við Ghobadi nóg til þess að sannfæra mig. Ég hef tekið ófá viðtöl við leikstjóra um það leyti sem þeir eru að frumsýna nýja bíómynd. Venjulega er gleðin og léttirinn yfir að koma barninu loksins í heiminn blönduð áhyggjum af því hvernig myndinni reiðir af í þessum grimma bíóheimi sem gleymir flestum sínum börnum. Sumir eru úrvinda eftir margra vikna klippivinnu með tilheyrandi svefnleysi og stressi. En Bahman Ghobadi var öðruvísi en þeir allir. Hann minnti helst á hermann sem er nýkominn úr löngu og ströngu stríði, þreyttur á líkama og þó sérstaklega sál eftir sigur sem þó megnaði ekki að færa neina gleði, of uppgefinn til að fagna sigri. Og ekki að ástæðulausu.

> „Ég hef engu að tapa lengur. Ég veit ekki lengur hvort ég vil vera kvikmyndagerðarmaður, söngvari, skáld eða venjulegur maður. En ég þarf að búa mér til nýtt líf.“

Ég byrjaði á að spyrja hann um kettina persnesku, neðanjarðartónlistarmennina bókstaflegu. „Þeir geta ekki sýnt verkin sín, þú getur ekki séð þetta fólk í írönskum bíómyndum, í 30 ár hefur ekki mátt gera myndir um tónlist. Ég vissi ekki mikið um þau og þegar ég gerði þessa mynd þá komu þau mér á óvart á hverjum degi, gerðu mig agndofa. Þau sýndu mér aðra veröld, veröld í kjöllurum borgarinnar. Allt tökuliðið varð agndofa, við vissum þetta ekki, því þau eru svo hrædd. Það eru svo margir listamenn sem eru bara heima, skapa og fela listina, bíða eftir rétta tímanum. Bíða eftir nýrri ríkisstjórn eða nýjum forseta. Margir verða alvarlega þunglyndir, sumir drepa sig jafnvel. Hvernig get ég geymt þessa mynd ef ég væri hræddur við ...“ segir hann og við erum farnir að nálgast hans eigin harm.

„Ég vil ekki fara til baka. Ég þarf tíma fyrir sjálfan mig, ég missti líf mitt, ég missti ástina. Ég missti allt, ég missti tilfinningarnar, þeir drápu hluta af mér.“ Það er ýmislegt gert í Íran til þess að hindra hann í því að gera bíómyndirnar sínar. Hann barðist í þrjú ár til þess að fá leyfi fyrir næstu mynd og gerði í staðinn þessa ólöglegu mynd. En harmurinn liggur dýpra. Í janúar 2009, þegar eftirvinnsla myndarinnar stóð sem hæst, handtók íranska lögreglan kærustu Ghobadis, blaðakonuna Roxönu Saberi, og hann gat ekki verið með henni þegar henni var loks sleppt úr haldi, fjórum mánuðum síðar, því þá þurfti hann að vera hér í Cannes. Hann vildi ekki fara, hún sagði að hann yrði að fara, fyrir alla tónlistarmennina í myndinni. „Þessir fjórir mánuðir voru eins og fjögur ár,“ segir Ghobadi sem skrifaði opið bréf til yfirvalda og baðst lausnar fyrir unnustuna, sem fór í tveggja vikna hungurverkfall í fangelsinu. „Ég hef engu að tapa lengur. Ég veit ekki lengur hvort ég vil vera kvikmyndagerðarmaður, söngvari, skáld eða venjulegur maður. En ég þarf að búa mér til nýtt líf. Ég hef áhyggjur, tíminn er naumur. Tíminn, með þennan líkama, þessa tilfinningu, hvernig get ég farið þangað aftur? Kannski skilur þú mig ekki, en ef þú værir eins og ég, byggir í Íran, í átján ár að berjast við ritskoðunina, allir að reyna að stjórna þér, öll þessi bönn og bannsvæði ... ég er veikur núna, ég er ekki venjulegur, ég reyni, en þú getur séð myndirnar mínar ... þar er reiði, ég er ekki reiður en það kemur í myndunum mínum, skot fyrir skot.“

En myndin, er hún ekki ástarbréf til Teheran? „Ég elska Teheran, ég vil búa þar. Í átján ár hef ég búið í Teheran, en allan tímann var eins og ég væri dáinn. Nú er ég að eldast, ég þarf að finna líf mitt, ég vil ekki verða gamall þegar ég stofna fjölskyldu, en ég trúi ekki að ég fari ekki aftur til Teheran. Ein nótt í Teheran er eins og sextíu nætur í Evrópu, ég vil ekki að hún breytist, þarna er yndislegt fólk og þetta er yndisleg borg,“ segir hann uppfullur af mótsagnakenndum tilfinningum útlagans.

„Þú getur fundið 3.000-4.000 listamenn neðanjarðar í Teheran, bara í tónlist. Þú getur ekki séð þá ... hvernig getum við hjálpað þeim? Hvernig getum við talað við ríkisstjórnina, hvernig getum við gefið þeim þótt ekki sé nema tækifæri, bara að leyfa þeim að spila tónlistina, halda litla tónleika. Listamenn þurfa að sýna, fá



að heyrast, það er lífsnauðsynlegt.“ Einn þessara tónlistarmanna er rapparinn og tónskáldið sem pródúseraði rapplagið sem áður var lýst sem hápunkti myndarinnar, Mahdyar Aghajani. „Ég reddaði vegabréfsáritun fyrir hann, hann er líka ótrúlegur. Hann er bara átján ára og kemur með mér til Berlínar þar sem hann ætlar að pródúsera plötuna sem ég ætla að fara að gera. Í Teheran átti hann ekki peninga til þess að borða eða fyrir metró, hann gekk þrjá-fjóra kílómetra til þess að hitta mig á hverjum degi.“

Mahdyar er ekki einn um að hafa farið. „Fjörutíu prósent tónlistarmannanna í myndinni hafa yfirgefið Íran og margir aðrir eru á leiðinni þaðan. En þau gáfu mér sögurnar, þær eru sannar, við töluðum alltaf saman í 2-3 tíma fyrir tökur. Ég skrifaði söguna, fólkið og aðstæðurnar eru sannar. Lögreglan segir ekkert, dagblöðin segja ekkert, sum dagblöð og sumir blaðamenn vilja segja eitthvað en þora það ekki.“ Og því verða persnesku kettirnir áfram óþekktir. „En erlendir listamenn geta hjálpað þeim, unnið með þeim, gefið þeim rödd – þá getur ríkisstjórnin ekki haldið aftur af þeim.“ K

### FRÚ NORÐUR-DAKÓTA 1997 FANGELSUÐ

Flestar fegurðardrottningar tala um að bæta heiminn. Frú Norður-Dakóta árið 1997 var þar engin undantekning. En fáar hafa þær staðið betur við heitið en hún. Roxana Saberi á íranskan föður og japanska móður og er fædd í Bandaríkjunum. Hún fór seinna í háskólanám í Íran þar sem hún starfaði sem blaðamaður og vann að bók um Íran og allt fólkið sem hún hitti þar, auk þess sem hún skrifaði handritið að *Enginn veit um Persakettina* ásamt Bahman Ghobadi, unnusta sínum. En hún var fangelsuð í janúar árið 2009, sökuð um njósnir, og var ekki sleppt fyrr en í maí sama ár eftir tveggja vikna hungurverkfall. Þá höfðu bæði Barack Obama Bandaríkjaforseti og Hillary Clinton beðist lausnar fyrir hana. Auk þess sendi Ghobadi opið bréf þar sem hann bað írönsku stjórnina að sleppa henni.

„Ef ég hef verið þögull hingað til, þá var það hennar vegna. Ef ég tala nú, þá er það hennar vegna. Hún er vinkona mín, unnusta og förunautur.“ Þannig byrjar bréfið og Ghobadi lýsir því seinna í bréfinu hvernig hann kenni sjálfum sér um, hún hafi viljað yfirgefa Íran en hann hafi viljað vera áfram og klára myndina. Hann lýsir þunglyndi listamanns sem er bannaður í eigin heimalandi, þunglyndi sem hún hjálpaði honum að lifa af. Það viti allir sem vilji vita að hún sé enginn njósnari og lýkur bréfinu á þessum orðum: „Íranska stúlkan mín með japönsku augun og bandarísku skilríkin er í fangelsi. Skömmin er mín! Skömmin er okkar!“

Í apríl síðastliðnum kom svo út bókin Between Two Worlds, sem fjallar bæði um fangavistina og dvöl hennar í Íran og upplifun hennar af landinu.


MÓTUN - TEIKNING - TEXTÍLL
3 nýjar námsleiðir
METIÐ til 120 ECTS eininga til BA gráðu hjá erlendum samstarfskólum
UMSÓKNARFRESTUR TIL 9. JÚNÍ
umsókn www.myndlistaskolinn.is
MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
Tækniskólinn skóli atvinnulífsins
KNOWHOW VERKLAG
Leonardo da Vinci

# Rauður þráður Hvíta borðans

Austurríski leikstjórinn Michael Haneke leikstýrði *Hvíta borðanum*, sem var sýnd á Bíódögum Græna ljóssins á dögunum. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna í ár og vann meðal annars Gullpálmann í Cannes í fyrra. Haneke er þekktur fyrir óhugnanlegar og óþægilegar kvikmyndir sem vekja áhorfendur til umhugsunar.


MYND BRIGITTE LACOMBE

SIGURÐUR MAGNÚS FINNSSON SIGGI@KRITIK.IS

*Hvíti borðinn*, sem er skotin í svarthvítu, gerist öll í litlu þorpi í Norður-Þýskalandi fyrir hartnær hundrað árum. Hún hefst á því að læknirinn í þorpinu slasast illa þegar hestur hans hleypur á vír sem strengdur hefur verið milli tveggja trjáa. Aðrir óhugnanlegir atburðir fylgja í kjölfarið, en sálrænn hryllingur myndarinnar tengist lífi barnanna í þorpinu. Kaldhæðnislegur undirtitillinn er „þýsk barnasaga" og snýst myndin að miklu leyti um samband barnanna við drottnara sína; foreldra, prest og ungan kennara. Stigveldið í þorpinu er skýrt dregið frá barnahópnum upp til auðugs baróns og ögunin er slík að hinum undirgefna er gert að kyssa vöndinn sem hýðir hann.

Titillinn, *Das Weisse Band*, vísar í hvítan borða sem þorpspresturinn skyldar börnin til að bera í refsingarskyni fyrir misgjörðir þeirra og til að minna þau á sakleysi sitt. Upphafsorð sögumanns í myndinni vísa aftur í tímann, hann segir að sagan sem fari á eftir gæti hjálpað til að varpa ljósi á þá hryllilegu atburði sem síðar eigi eftir að henda þýsku þjóðina. Eins hefur hvíti borðinn, sem börnin eiga að bera, óþægilega skírskotun fram í tímann þar sem fólk gekk um merkt nasistaborðum og gulum stjörnum. Það er þó ekki fyrr en liðið er vel inn í seinni helming þessarar liðlega tveggja tíma löngu myndar að tímaramminn verður áhorfandanum ljós. Fréttir um yfirvofandi stríð fara að berast til þorpsins og ljóst er að fyrri heimstyrjöld er í vændum. Með einföldum reikniкúnstum er þannig hægt að leiða líkur að því að börnin, sem leika svo stórt hlutverk í *Hvíta borðanum,* verði komin á fullorðinsár þegar nasistar komast til valda í Þýskalandi.

Bældar og hræsnisfullar hvatir valdboðarans eru ekki nýjar af nál Haneke. Þá framsetningu má rekja allt aftur til fyrstu mynda hans, þar sem hann leitaðist við að grafa upp margar bældustu kenndir sem hann sá krauma í heimalandi sínu. Í þeim dregur Haneke upp og greinir mótun sjálfsmyndar austurrísku þjóðarinnar eftir seinni heimsstyrjöld. Þá fór í gang hugmyndastríð sem miðaði að því að fjarlægja austurrísku þjóðina frá hinni herskáu „prússnesku" fortíð Þýskalands og þvert á móti að líta á Austurríki sem fyrsta fórnarlamb þýskra nasista. Það fortíðaruppgjör sem Þýskaland tókst á við í sinni uppbyggingu eftir stríð (*Vergangenheitsbewältigung)* átti því ekki upp á pallborðið í Austurríki. Það var því í andrúmslofti bælingar og þöggunar sem Michael Haneke fór að búa til bíómyndir. Eftir að hafa unnið töluvert í leikhúsi og sjónvarpi gerði hann fyrstu mynd sína 1989. Hún heitir *Sjöunda heimsálfan* (Der siebente Kontinent) og er fyrsta myndin í því sem síðar nefndist „Jöklunarþríleikurinn" (Glaciation Trilogy), nefndur svo eftir að Haneke lét hafa það eftir sér að þrjár fyrstu myndir hans væru vangaveltur um „vaxandi tilfinningalega ísingu austurrísku þjóðarinnar".

Samfélagsleg fordæming *Sjöundu heimsálfunnar* er eins drungaleg og hugsast getur. Þar hefur tilfinningadoðinn náð hámarki sínu. Á yfirborðinu sjáum við venjulega austurríska fjölskyldu sem lifir, að því er virðist, reglubundnu og stórátakalausu lífi. Það fer að bera á brestum en ekkert býr þó áhorfandann undir eða skýrir það þegar fjölskyldan fremur hópsjálfsmorð og heldur þannig í ferðalag til „sjöundu heimsálfunnar". Í *Benny's video* frá 1992 kynnumst við annarri vel stæðri fjölskyldu í Vínarborg sem hylmir yfir tilgangslausan glæp sonarins. Benny er gagntekinn af ofbeldismyndum og býður hugfanginni vinkonu sinni heim að deila með sér þessu áhugamáli. Benny myrðir vinkonuna af fulllkominni yfirvegun og sýnir svo fjölskyldu sinni myndband sem hann tók af verknaðinum. Yfirhylming fjölskyldunnar gengur svo langt að faðir Bennys gengur frá líkinu. *71 Fragmente einer Chronologie des Zufalls* er síðan hressileg viðbót í þennan þriggja mynda sarp ofbeldisfirringar og tilfinningasljóvgunar.

Kaldranalegur veruleiki þessara mynda er fyrir Haneke hinn sanni austurríski raunveruleiki sem hann teflir gegn þægilegri og klassískri ímynd póstkortalandslags Alpafjalla og Mozartkúlna. Að sama skapi er harðneskjulegt ofbeldi myndanna mótvægi við hið upphafða og ofurstílfærða ofbeldi sem er jafnan kennt við MTV-kynslóðina og Tarantino.

Þessar þrjár fyrstu myndir Hanekes voru gerðar í skugga tveggja pólitískra straumhvarfa í austurrískum stjórnmálum. Kurt Waldheim var kosinn forseti Austurríkis árið 1986 og forsetatíð hans frá upphafi brennimerkt ásökunum um hlutverk hans og vitneskju sem herforingi nasista. Óánægjuraddir urðu það háværar að Waldheim var nánast gerður útlægur úr samfélagi vestrænna þjóðarleiðtoga. Hægri öfgamaðurinn Jörg Haider var síðan kosinn ríkisstjóri í Carinthia árið 1989. Haider fór ekki dult með útlendingahatur sitt og örlaði jafnvel á aðdáun í garð nasískrar hugmyndafræði í málflutningi hans. Í þessum fyrstu myndum Hanekes gætir þannig samhljóms með austurrískum tíðaranda, þar sem niðurbæld og ofbeldisfull sár fortíðarinnar eru loks dregin upp á yfirborðið og inn í þjóðfélagslega umræðu.

> „Kaldranalegur veruleiki þessara mynda er fyrir Haneke hinn sanni austurríski raunveruleiki sem hann teflir gegn þægilegri og klassískri ímynd póstkortalandslags Alpafjalla og Mozartkúlna."

Aðlögun Haneke á *Kastalanum* eftir Kafka og *Funny Games*, mynd sem hann átti eftir að endurgera skot fyrir skot í Hollywood tíu árum síðar, voru næstu tvær myndir hans en síðan sneri Haneke til Frakklands þar sem hann vann nokkrar af sínum þekktustu myndum. Þrátt fyrir annars konar menningarlegt umhverfi eru sömu grunnhugmyndir undirliggjandi í frönsku myndunum hans. Þær takast á við samfélagslega veruleikafirringu þar sem gerviveröld margmiðlunar hefur sljóvgað tilfinningar mannsins og bældar, jafnvel sadískar, hvatir krauma undir slípaðri, borgaralegri fjölskyldusétteringu. Þessar frönsku myndir Hanekes skarta nokkrum helstu kvikmyndastjörnum Frakka á borð við Isabelle Huppert, Juliette Binoche og Beatrice Dalle og þykja ekki jafn ágengar og sjokkerandi og fyrri myndir hans. Þungur áfellisdómur Hanekes yfir bælingu og sekt austurrísku þjóðarinnar eru fjarri, en það þýðir ekki að myndirnar skorti pólitískt bit. Í hinni frábæru og marglofuðu *Caché* (2005) eru glæpir nýlenduherranna Frakka gegn alsírskum mótmælendum dregnir upp á yfirborðið inn í rólegt og hamingjuríkt líf franskrar menntafjölskyldu. *Caché* sópaði til sín verðlaunum á kvikmyndahátíðum um allan heim og með henni skapaði þessi óvægni og umdeildi leikstjóri sér óvæntan sess innan meginstraumsins. Sálfræðilegum tryllingnum var jafnvel líkt við Hitchcock en rétt eins og í *Hvíta borðanum* er spennan óvægin og aldrei skýrð að fullu fyrir áhorfandanum. K

GAGNRÝNI

# Syndir feðranna

VALUR GUNNARSSON

Mikið hefur verið látið með myndina *Das Weisse Band,* sem vann meðal annars Gullpálmann í Cannes og Golden Globe-verðlaunin fyrir bestu erlendu mynd. Eftir áhorf getur maður helst fundið þrjár ástæður fyrir þessari lotningu: 1. myndin er löng, 2. myndin er svarthvít og 3. myndin gerist fyrir tæpum 100 árum.

Voðaverk eru framin í litlum þýskum smábæ skömmu fyrir fyrri heimsstyrjöld. Hópur barna liggur undir grun. Barnaníðingur kemur einnig við sögu (slíkir virðast ómissandi í poppmenningunni þessa dagana). Ekkert þessara mála er þó leyst, heldur er áhorfandinn skilinn eftir í lausu lofti. Sagan er sögð frá sjónarhóli kennara sem vill kvænast ungri stúlku, og er þetta í raun áhugaverðasti hluti myndarinnar, að sjá tilhugalífið fyrir einni öld.

*Hvíti borðinn* er feiknalega vel gerð



þegar kemur að því að fanga smáatriði tíðarandans fyrir fyrri heimsstyrjöld, útlitið er þrúgandi en um leið sannfærandi. Vandamálið liggur í sögunni. Það er meðvitað markmið hins austurríska leikstjóra Michael Hanekes að gera myndir sem þjóða ekki upp á nein einföld svör. Spurningarnar sem áhorfandinn er skilinn eftir með hér eru þó ekki beinlínis heimspekilegs eða tilvistarlegs eðlis, heldur snúa þær að söguþræðinum sjálfum. Myndin verður því ekki annað en nokkurs konar óleysanleg Sudoko-þraut sem hefur lítið um umheiminn að segja.

Það liggur á milli línanna að djöflabörnin eiga seinna meir eftir að verða nasistar, sem á að gefa myndinni þunga. Það er í sjálfu sér áhugavert efni að kanna rætur illskunnar. Kenningin hér er þó lítið sannfærandi. Í staðinn fyrir að benda á Versalasamningana, gyðingahatur eða múgæsingu, má af myndinni skilja að vandamálið liggi í meðfæddri illsku sveitasamfélagsins eða jafnvel þýsku þjóðarinnar sem slíkrar. Þetta er því aðeins enn eitt dæmið um að Þjóðverjar (og Austurríkismenn) refsi sér fyrir syndir fortíðarinnar, án þess að komast til botns í hvað olli þeim.

Fyrir hundrað árum voru flest samfélög að meira eða minna leyti sveitasamfélög. Börn voru alls staðar beitt líkamlegum refsingum. Þau urðu samt ekki öll nasistar. Annað og meira þurfti til. Það sem er mest ógnvekjandi við nasismann er einmitt það að hann liggur ekki djúpt í þýsku þjóðarsálinni, heldur er hann dæmi um ofsa sem getur lagst á nánast hvar sem er, undir ákveðnum kringumstæðum. Það voru vissulega sterk nasísk element í þeirri hernaðarhyggju sem varð ofan á í Bandaríkjunum eftir árásirnar 11. september. Jafnvel má finna hliðstæðu í góðærinu hér, þegar allir gerðu eins og allir hinir, án þess nokkurn tímann að velta því fyrir sér hvað var rangt eða rétt. Þannig hefði Haneke ef til vill gert áhugaverðari mynd ef hann hefði látið hana gerast á millistríðsárunum frekar en fyrir 1914.

Í einu atriði sést eitt djöflabarnanna ganga á handriði brúar og ögra Guði til að drepa sig. Ef guð leyfir glæpamanninum að lifa er það sönnun þess að hann líti með velþóknun á glæpina. Sama hugmynd var notuð fyrir rúmum 20 árum í hryllingsmyndinni Crawlspace. Þar leikur Klaus Kinski son nasistalæknis sem framkvæmdi hryllilegar tilraunir á fórnarlömbum sínum. Kinski ákveður að halda áfram störfum föður síns, en gefur Guði þó möguleika á að stoppa sig af með því að byrja hvern dag á rússneskri rúllettu. Ef *Hvíti borðinn* er hugsuð sem nokkurs konar prólógur við nasismann, þar sem hið illa gengur í erfðir, má líta á Crawlspace sem epilóg. Af þessum tveimur er *Crawlspace* talsvert betri bíómynd. K

GAGNRÝNI

# Miskunnarlaus en meinfyndin

MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR

*Kvöldverðurinn* eftir hollenska rithöfundinn Herman Koch kom nýlega út í kilju í prýðilegri þýðingu Jónu Dóru Óskarsdóttur. Þetta er óvenjuleg skáldsaga sem með réttu hefur verið kölluð spennusaga eða jafnvel reyfari þótt hér sé enginn alkóhólíseraður, miðaldra lögreglumaður í sjónmáli.

Á yfirborðinu lætur atburðarás *Kvöldverðarins* lítið yfir sér. Tvenn hjón mæla sér mót á glæsilegu veitingahúsi og snæða þar dýrindis máltíð. Sögumaður er Paul, við fyrstu sýn snyrtilegur og þægilegur maður, hnyttinn og greindarlegur. Hjónaband hans og konunnar hans, Claire, virðist einstaklega hamingjuríkt og ástsælt og sú er líka að vissu leyti raunin. Í ljós kemur að tilgangur kvöldsins er að hitta bróður Pauls og konu hans og ræða vandræði sem fimmtán ára synir þeirra eru komnir í. Hver þau vandræði eru og hvaða bræðir liggja að þeim kemur smám saman í ljós þegar líður á kvöldið og fleiri réttir raðast á drifhvít borð veitingahússins.

Lýsingar Kochs á mannlegu eðli og möguleikum (eða takmörkum) þess eru miskunnarlausar. Hér er mikið mannhatur en um leið reynir Koch á þanþol lesandans á áhugaverðan hátt þar sem samúðin með sögumanni og fjölskyldu hans helst ótrúlega lengi og löngu eftir að skelfilegir atburðir hafa verið afhjúpaðir vonar lesandinn að eitthvað gerist sem réttlæti þessa samúð.

Sú evrópska siðblinda sem hér birtist minnir stundum á franska rithöfundinn Michel Houellebecq. Þar má einnig finna hina firrtu, hvítu millistétt þar sem samviskulausir glæpamenn falla í fjöldann árum saman þar til upp kemur atvik sem afhjúpar tómið og hatrið ábak við slétt og fellt yfirborðið. Eins og Houellebecq daðrar Hoch við þá hugmynd að hinar siðblindu persónur sögunnar séu í raun ekki undantekningin heldur sé þetta hið sanna eðli mannskepnunnar. Hvort sem maður skrifar undir slíka sálfræði eða ekki er persónusköpun Hochs sannfærandi og ónot lesandans aukast í sífellu meðan á lestri stendur. Það skortir ekki beinlínis ást í þessari bók, en birtingarmyndir hennar, sem og lýsingar á tryggð og fjölskylduböndum, eru jafnvel óhugnanlegri en hömlulaust ofbeldið sem reglulega brýst út.




„... löngu eftir að skelfilegir atburðir hafa verið afhjúpaðir vonar lesandinn að eitthvað gerist sem réttlæti þessa samúð."

Þrátt fyrir þetta er bókin þó langt frá því að vera þunglyndisleg eða erfið aflestrar – hún er þvert á móti leiftrandi af húmor enda sögumaðurinn Paul skarpgreindur maður sem dregur upp skemmtilega, ef stundum miskunnarlausa, mynd af umhverfi sínu:

„Nú leit maðurinn einnig við. Við nikkuðum hvor til annars eins og venja er til þegar menn standa hlið við hlið og míga með varla einn metra á milli sín. Undir skegginu geiflaðist munnur mannsins sundur í brosi. Sigri hrósandi brosi, gat ég ekki stillt mig um að hugsa, dæmigerðu brosi manns með kröftuga sprænu, brosi sem dregur dár að mönnum sem eiga erfiðara með að míga en hann." (bls. 80)

*Kvöldverðurinn* eftir Herman Koch er óhugnanleg bók sem skilur lesandann eftir með verulega óþægilegar spurningar um fjölskyldu, ást og tryggð ekki síður en grimmd, ofbeldi og mannlegt eðli. Hreint ekki notaleg lesning – en grípandi, vel skrifuð og meinfyndin. K

ÍÞRÓTTIR

# Njótum leiksins

Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu er einn af stærstu íþróttaviðburðum sögunnar. Keppnin er haldin fjórða hvert ár og hefur velgengni hennar aukist jafnt og þétt. Fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í að skapa stemningu fyrir keppninni. „Ég er með HM!" hljómar reglulega á öldum ljósvakans. Óþægileg samlíking við sjúkdómsheiti

**VIÐAR HALLDÓRSSON**
ÍÞRÓTTAFÉLAGSFRÆÐINGUR
**MAGNÚS A. MAGNÚSSON**
KSÍ UMBOÐSMAÐUR

– nefndi einhver HIV og Afríku? Fótboltafárið breiðist út eins og einkennileg hitasótt sem allir vilja smitast af og gert er ráð fyrir að slegið verði áhorfendamet á keppnina í Suður-Afríku nú í sumar. En hvað er það sem gerir heimsmeistarakeppnina í fótbolta, eða bara íþróttir yfirhöfuð, skemmtilegt fyrirbæri? Það fer eftir því hvernig á það er litið.

„Íþróttir eru ópíum fólksins" hafa ýmsir haldið fram í anda þýska heimspekingsins Karls Marx. Að taka þátt í íþróttum og fylgjast með íþróttaviðburðum gerir okkur kleift að flýja vandamál hversdagslífsins, að deyfa vanlíðan og óánægju okkar, um stundarsakir að minnsta kosti. Íþróttir sinna samfélagslegu hlutverki. Nýlega kom fram í fréttum að Íslendingar væru hamingjusamasta þjóð í heimi, og það þrátt fyrir efnahagslegt og siðferðislegt upplausnarástand á Íslandi. Á sama tíma má greina aukinn áhuga og ásókn í íþróttaviðburði hér á landi.

Íþróttir eru í senn trúarbrögð, stríð og list. Allt í einum pakka.

Sumir segja að íþróttir hafi bjargað mörgum kaffiboðunum, ættarmótunum og vinnustöðunum. Því íþróttir ýta undir samskipti fólks. Allir geta talað saman um íþróttir. Forstjórinn og starfsmaður á plani ná saman því þeir halda báðir með með Brössunum í heimsmeistarakeppninni. Þetta er sérstaklega heppilegt fyrir íslenska karlmenn sem hafa oft þótt frekar lokaðir og hlédrægir.



MYND ÁRNI TORFASON

Ungir íslenskir karlmenn eru meira að segja farnir að syngja á íþróttaviðburðum. Á næstunni má því búast við að margir geti rætt um heimsmeistarakeppnina í fótbolta í stað hefðbundinna umræðna um veðrið, kreppuna eða eldsumbrot í Eyjafjallajökli.

Manninum er mikilvægt að tilheyra einhverju sem er stærra en hann. Íþróttir hjálpa til við að sinna slíkri þörf. Hvort ég held með Val eða Fram, Englandi eða Argentínu, strákunum eða stelpunum okkar, eða hverju sem er. Við og þið. Til að mynda halda íslenskir karlmenn meira með enskum fótboltaliðum heldur en íslenskum. Þrátt fyrir fjarlægðina. Það er því auðvelt fyrir íslenska íþróttaáhugamenn að finna sitt lið á heimsmeistaramótinu og þeir geta því með sannfæringu sagt „mínir menn".

Íþróttir endurspegla einnig árangur í sinni skýrustu mynd. Oftast er skilgreining árangurs í íþróttum sú að þeir sem sigra hafi náð árangri en hinir ekki. Þeir sem ná árangri eru fyrirmynd um að vinnusemi, skipulag og hugarfar skili árangri. Við viljum sameina okkur með sigurvegurum. Þetta eru jú „okkar menn". Við eigum þátt í sigrinum þegar vel gengur en getum svo bara fært okkur yfir í íslenska boltann ef illa fer. Þannig getum við náð árangri þegar okkur hentar. Án allrar ábyrgðar.

Í augum almennings eru íþróttir þó fyrst og fremst skemmtun. Okkur finnst gaman að fylgjast með íþróttum. Mikilvægasti hluti skemmtanagildis íþrótta er að þær byggja á óvissu um úrslit. Það veit enginn hvernig fer. Það veit enginn hverjir verða heimsmeistarar. Allt getur gerst. Smáríkin geta unnið stórveldin. Davíð getur lagt Golíat. Það þekkjum við Íslendingar manna best. Áhorfendur vita því aldrei hvað kemur til með að gerast, hverjir skora, hverjir gera mistök, hverjir sigra og tapa. Þó svo að allir hafi á því sína skoðun, sem er svo allt annar hlutur. Því hér á landi búa ríflega 300.000 sérfræðingar.

En umfram allt þá er það fjölbreytileiki íþrótta sem höfðar til okkar. Hinar ýmsu ósýnilegu hliðar íþrótta sem leynast undir sléttu yfirborðinu. Íþróttir eru í senn trúarbrögð, stríð, og list. Allt í einum pakka. Þrátt fyrir að þær byggi á ákveðnum sýnilegum lykilþáttum getur hver og einn nálgast þær með sínu nefi. Á meðan sumir horfa á flottan sóknarleik á heimsmeistaramótinu, kunna aðrir að meta vel útfærðan varnarleik; sumir kunna að meta gott leikskipulag en aðrir flotta fótleggi; sumir elska Ronaldo en aðrir elska að hata hann; og á meðan sumir gefa sig tilfinningum á vald í hita leiksins þá eru aðrir sem greina leikinn á yfirvegaðan hátt. Fegurðin liggur því í augum þess sem á horfir. Njótum leiksins! K

## LISTIN(N)

### PLÚS

### LISTAHÁTÍÐ LOGGAR ÚT ...

SJITT, STRAX AÐ VERÐA BÚIN?

Og maður varla farinn að taka við sér ... Síðustu forvöð um þessa helgi. Listahátíð lýkur með stæl þennan laugardag og mál að mergsjúga. Óperuveisla í Háskólabíói með meistara Kristni, Sinfó og Óperukórnum – getur næstum bara orðið magnað. Og flipp á sviði Þjóðleikhúss í *Ástum manns og hrærivélar* ... tékkið á því!

### ... RAUNVERULEIKINN EKKI

MYNDIR UM ALLAN BÆ

Annars er aðaltékkið Raunveruleikatékkið. Ljósmyndir hafa fengið að skipa stóran sess á Listahátíð þetta árið og því bera að fagna. Fullt af fínum sýningum og margar þeirra halda áfram. *Annað auga* á Kjarvalsstöðum gefur góða yfirsýn og minnir á mikilvægi listasafnara. Húrra fyrir hjónunum Pétri Arasyni og Rögnu Róbertsdóttur!

### SÚMÓKAPPI LJÓSMYNDASÝNINGANNA

SUMARBRÚÐKAUP?

Rétt eins og maðurinn sjálfur eru ljósmyndir Sigurðar Guðmundssonar, eilíflega ungar og ögrandi. Ljósmyndaþema Listhátíðar hangir áfram á veggjum Gallerýs i8 til 26. júní og um að gera að ná þangað inn með nefið hafi maður ekki þegar farið. Nú eða fara aftur. Því stærri snilling á íslensk listasaga sér varla. Blaðamaður myndi giftast honum ef hún mætti!

### SVEITAFERÐ

LÍTIÐ ÍSLENSKT LOUISIANA

Ef reynt er að líta fram hjá ískyggilega mörgum ljótum húsum Hveragerðis, er bæjarstæðið með þeim fegurstu. Listasafn Árnesinga býr þar og hefur verið að koma sér á kortið með metnaðarfullar og spennandi sýningar. Nú stendur þar yfir samsýningin *Að þekkjast við þekkinguna* – með verkum 15 íslenskra samtímalistamanna og umræðudagskrá allar helgar. Upplagður helgarbíltúr og hægt að skella sér í ódýru búðina og sund í hinu fallega Laugaskarði í leiðinni!

### MÍNUS

### BÍÓLAUS MIÐBÆR

ÞIÐ ERUÐ ÖLL HELVÍTIS PLEBBAR!

Regnboginn lokaði um mánaðamótin. Það er skandall. Hugsanlegt ljós í myrkri er óræður hópur fólks sem er að vinna að stofnun kvikmyndaseturs í húsnæðinu. Allir að styðja það góða framtak! Bíólaus miðbær er glataður og vöntunin á vönduðu bíói alger!

### MISTÆK TÍSKA ORÐIN VELLA

SAUMAKLÚBBAGJÖRNINGUR SUMARSINS?

Og í framhaldinu, Sex and the city 2!! Eruð þið ekki að grínast? Einu sinni voru þær kannski ungar og sætar og mann laumu-langaði að lifa svona. Núna er þetta bara rippoff fyrir saumaklúbba sem fóttuðu það í Mama Mía-æðinu að hægt væri að gera annað saman en að skiptast á heitum réttum. Húsmæðraorlofs-draumórar sem búið er að taka allt of langt and then some! Farið frekar bara á barinn, stelpur!

### NÝ MENNING

ÞEGAR YFIRVÖLD TREYSTA Á ATHYGLISBREST ÞJÓÐAR

Einhverntíma í beinu eða óbeinu sambandi við sýningu Kastljóssins á eftirlitsmyndavélaupptökum úr Alþingishúsinu, var dómsmáli nímenninganna frestað fram á mitt sumar. 29. júlí kl. 9.30 mæta hin ákærðu fyrir rétt, heppilega meðan flestir – líka Alþingi, fréttafólk og atvinnumótmælendur – eru í frí. Var einhver að tala um kæfandi þöggun?

UMRÆÐAN

# Hugað að meltingarfærunum

Í byrjun myndarinnar *A Night in Casablanca* (1946) með Marxbræðrum í aðalhlutverki er ansi fyndin sena sem má nota til að velta fyrir sér stöðu þeirra sem sýsla með fagurfræðileg efni á Íslandi nú um stundir, og þar á ég við bæði listamenn og gagnrýnendur og ýmiss konar hugvísindamenn sem koma að umræðu um listir, menningu og samfélag.



Í þessari senu kemur lögreglumaður að Harpo Marx þar sem hann stendur hreyfingarlaus og styður annarri hendi við húsvegg. Lögreglumanninum þykir þessi hegðun undarleg. Hann spyr kaldhæðnislega og með nokkrum þjósti hvort Harpo haldi að húsið hrynji ef hann færi sig. Harpo, sem er sá mállausi af þeim bræðrum, kinkar kolli ótt og títt með fíflabrosið á vör og gefur til kynna að það sé einmitt málið. Laganna vörður bregst illur við þessum asnalátum og togar Harpo þjösnalega frá veggnum. Í sama mund hrynur húsið til grunna.

Og nú má spyrja: Er menningarrýnirinn eins konar Harpo? Er menningarrýnirinn sá sem heldur uppi umræðunni en fær fyrir hæðnisglósur um tilgangsleysi og er skipað að hypja sig ef hann maldar í móinn og þykist vera að gera gagn? Er almennt litið svo á að menningarrýnirinn eigi ekkert með að halda uppi umræðu vegna þess að það hefur enginn trú á því

ÞRÖSTUR HELGASON

BÓKMENNTAFRÆÐINGUR

sem hann segir hvort sem er? Er engin eftirspurn eftir framlagi hans? Er menningarrýnirinn í raun mállaus þegar kemur að lífsins gagni og nauðsynjum? Og skýrir málleysið hugsanlega þetta fíflalega bros, þennan ýkta en þögla hlátur? Bregst sá dumbi við atkvæðaleysi sínu með írónískum hlátri (sem er vel að merkja ekki bitlaust vopn)? Eru hér einhver líkindi við hláturmenningu karnivalsins þar sem hinir lágu og atkvæðalitlu gera táknræna uppreisn gegn valdinu með spaugsemina að vopni? Höfum við verið að upplifa karnivalískt ástand í íslensku samfélagi síðustu misserin?

Og hvað með þá staðreynd að byggingin hrundi um leið og Harpo sleppti hendinni af henni? Vissi Harpo að byggingin myndi hrynja á þessu augnabliki hvort sem hann stæði þarna eða ekki? Dró hann lögguna á tálar? Dró hann dár að henni? Var löggan kannski ein um að vita ekki að byggingin myndi hrynja? Það skyldi þó aldrei vera. Við áhorfendur vissum það að minnsta kosti allan tímann. Það var alveg augljóst. En við vitum ekki hvort hún hefði staðið lengur ef Harpo hefði áfram stutt hendi sinni á hana. Við höfum ekki hugmynd um það. Við vitum ekki hvort Harpo gerði gagn. Það er málið.

### AÐ NÁ Í GEGN

Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur hélt því fram í fyrirlestri hjá Sagnfræðingafélaginu í fyrra að íslenskir menntamenn bæru talsverða ábyrgð á hruninu vegna þess að þeir hefðu misst sjónar á samfélagsheildinni og þróunaröflunum. Vilhjálmur Árnason heimspekingur hefur tekið undir þessa gagnrýni í grein í *Ritinu*. Árni Daníel kennir póstmódernismanum um vegna þess að hann geti ekki horft á heildarmyndina, hann einblíni á orðræðuna en ekki þau valdatengsl sem liggi henni að baki. Vilhjálmur hnýtir líka í póstmódernismann og segir hann ekki geta haft sannleiksleitina sem viðmið fræðastarfs.

„Minni almenn umræða held ég að geti gert þetta ástand enn verra“.

Ég held að Árni Daníel og Vilhjálmur séu á villigötum. Hugvísindamenn fylgdust með samfélagsheildinni og þróunaröflunum, meðal annars vegna þess að þeir voru margir hverjir að sinna póstmódernískum fræðum. Það kom hörð gagnrýni úr röðum hugvísindamanna á samfélagsþróunina. Þeir hefðu vafalaust getað haft sig meira í frammi en ég held að það sé rangt að halda því fram að þeir hafi brugðist algerlega. Gagnrýni hugvísindamanna snerist meðal annars um ímyndarsköpunina og brenglað veruleikaskyn, sem Vilhjálmur telur hafa ráðið ríkjum í íslensku samfélagi á undanförnum árum, og hún fjallaði um sífellda endurhönnun eða umritun sannleikans. Hún snerist líka um gildismat, meðal annars um gildi ósnertrar náttúru. Þar fóru fram átök um hvað væri satt og rétt. Margir hugvísinda-

# Eru fagurbókmenntir að líða undir lok á Íslandi?

Undanfarin misseri hefur sótt að mér í sívaxandi mæli óþægilegur grunur sem smám saman hefur þróast í vissu og mætti kannski orða þannig: Íslendingar geta ekki lengur kallað sig bókmenntaþjóð, þeir hafa í raun lítinn áhuga á bókmenntum sem slíkum þótt margir hafi áhuga á að lesa bækur sér til afþreyingar. Tuttugasta öldin var sannkallað

SOFFÍA A. BIRGISDÓTTIR

BÓKMENNTAFRÆÐINGUR

blómaskeið íslenskra bókmennta en ef fram heldur sem horfir mun sú tuttugusta og fyrsta hugsanlega marka endalok íslenskra fagurbókmennta. Ef einhver heldur að hér sé talað í hálfkæringi er það mikill misskilningur. Þótt ennþá komi út mikill fjöldi bóka á Íslandi og bókaiðnaðurinn sem slíkur gangi ágætlega og sé jafnvel blómlegur, þá má merkja síminnkandi áhuga – og jafnvel andúð – á bókmenntum sem afurðum listrænnar sköpunar sem hafi einhverju hlutverki að gegna fyrir sjálfsmynd, sjálfsskilning og verðmætamat íslensks samfélags. Til að vera í takt við umræðuhefð tímans hef ég því notað orðið „menningarhrun“ í þessu sambandi en ég ítreka að umræðuefni mitt einskorðast við bókmenntir enda er það á því sviði menningarinnar sem ég hef starfað í aldarfjórðung. Þetta hrun sem ég þykist merkja er þó ekki hægt að rekja til haustsins 2008 eins og íslenska efnahagshrunið, heldur nær það lengra aftur í tímann og kannski erfitt að setja fingur á hvenær kúrfa sú sem hér er reynt að mæla hafi breytt um stefnu.

Ekki svo að skilja að á Íslandi séu ekki skrifaðar merkilegar bókmenntir, við eigum ennþá fullt af góðum rithöfundum sem skrifa af þörf og senda frá sér athyglisverð bókmenntaverk. En viðtakendur eru fáir, áhugi einskorðaður við lokaða hópa og umræða af skornum skammti. Opinber umræða um bókmenntir er svo til engin og – ef undan er skilin umræða í fáeinum þáttum Ríkisútvarpsins – þá einkennist umræða um nýsköpun í bókmenntum af íhaldssemi og ekki síst andúð á því sem sker sig að einhverju leyti frá meginstraumnum og höfundum sem leyfa sér að gera tilraunir með form og tungumál er bent á að „reyna að finna sér söguþráð“ og hætta að vera með stæla. Í raun er krafa dagsins að allir skrifi auðskiljanlegar skáldsögur – markaðurinn hefur hvorki áhuga á ljóðum né smásögum, hvað þá að hlúð sé að íslenskri leikritun.

Hvað þarf til að fagurbókmenntir þrífist í einhverju tilteknu samfélagi? Það er í grundvallaratriðum þrennt. Í fyrsta lagi nægan fjölda af skapandi einstaklingum sem finna sig knúna til listrænnar úrvinnslu og merkingarsköpunar úr efniviðnum lífi, tíma, umhverfi, tungumáli. Í öðru lagi viðtakendur, lesendur sem eru tilbúnir að taka við með opnum huga og jafnvel að láta ögra sér og færa sér nýja sýn á veruleikann. Og í þriðja lagi þarf virka milliliði þarna á milli, því bókmenntir þrífast illa ef ekki er sífellt í gangi virk kynning, mat og umræða á því sem skrifað er. Ef þessi milliliður bregst – hin svokallaða bókmenntaumræða – er bókmenntunum sjálfum hætta búin.

Það er mitt mat að á undanförnum árum hafi verið vegið að vitrænni umræðu um bókmenntir á Íslandi að því marki að mikill skaði sé að og um leið og umræðan þynnist horfum við upp á bókmenntagreinar í dauðateygjunum vegna skorts á því sem Ólafur Jónsson gagnrýnandi kallaði „lífsloft“ í grein sem hann skrifaði árið 1964 í Félagsbréf AB:

„Áhugi, eftirtekt, umræða er öllu bókmennta- og listastarfi lífsloft. Það er hlutverk gagnrýnandans, öðrum fremur, að stuðla að þessari umræðu, skylda hans að hún hafi sem mennilegastan svip. Allt starf hans er unnið í þeirri trú að grundvöllur sé fyrir slíkri umræðu og hún ómaksins verð, að skáldskaupur og listir séu manninum verðmæti og í einhverri mynd óaðskiljanleg lífi hans. Þeirri trú er engin þörf á röklegum niðurstöðum um gagnsmuni skáldskapar og lista; þótt slík kenningasmíð sé freistandi verður hún jafnan ósönnuð og hættir til að snúast upp í kreddu. Það má allt eins spyrja berum orðum hvort lífið sjálft sé „gagnlegt.“

„Ekki svo að skilja að á Íslandi séu ekki skrifaðar merkilegar bókmenntir, við eigum ennþá fullt af góðum rithöfundum sem skrifa af þörf og senda frá sér athyglisverð bókmenntaverk.“

Þegar ég tala um bókmenntagreinar í dauðateygjunum er ég meðal annars að hugsa um stöðu smásögunnar í íslenskum bókmenntum en nýlega hefur Magnús Sigurðsson bókmenntafræðingur og skáld vakið athygli á því að smásagnagerð virðist hætta búin á Íslandi vegna áhugaleysis markaðsins. Talað var við Magnús í þættinum Seiður og hélog á Rás 1 og þar var einnig talað við fulltrúa útgefenda sem vísaði ábyrgðinni yfir á bókmenntaumræðuna; að engin umræða væri um smásagnagerð á Íslandi og þar af leiðindi hefðu útgefendur ekki áhuga á að gefa út smásögur. Hér má að sjálfsögðu velta fyrir sér hvort komi á undan eggið eða hænan; áhugaleysi útgefenda eða takmörkuð umræða bókmenntamanna.

menn voru í framvarðasveit verndunarsinna sem vildu vinna gegn því kerfi sem miðaðist að því að hámarka skammtíma arð á kostnað varanlegri verðmæta.

Vandinn er þess vegna ekki endilega sá að hugvísindamenn hafi verið að beita rangri aðferðafræði heldur sá að þeir náðu ekki nægilega vel í gegn. Ástæðurnar fyrir því eru held ég mjög flóknar. Þær gætu tengst strúktúr orðræðukerfisins, innbyggðu stigveldi hugmyndanna – hverjir mega með öðrum orðum tala um efnahagsmál, útrás og nýtingu náttúrunnar? Hverjir eru marktækir? Á hverja er hlustað þegar upp er staðið? Við vitum að ástæðurnar eru að hluta til efnahagslegar og pólitískar. Og líka að ástæðurnar liggja að nokkru leyti í gildismatinu en það er einmitt gildismatið sem samfélagsumræðan ætti að snúast um núna.

SAMFÉLAGSLÍKAMINN Í HJÁVEITUAÐGERÐ

Ein birtingarmynd hrunsins er sú að menningarumfjöllun fjölmiðlanna hefur verið skorin niður við trog og það á reyndar við um fleiri efnisþætti þeirra. Fjölmiðlar eru mikilvægur hluti af viðtökukerfinu ef við getum nefnt það því nafni, fjölmiðlarnir taka við listaverkum og öðrum menningarafurðum, upplýsingum, umræðu, og vinna úr þeim. Þeir eru eins konar meltingarfæri, hluti af meltingarveginum í samfélagslíkamanum. Með því að taka þetta líffæri úr líkamanum eða skerða starfsgetu þess er augljóslega verið að bjóða hættunni heim, næringin skilar sér ekki jafnvel út í líkamann. Menntakerfið, og ekki síst Háskóli Íslands, er líka mikilvægt meltingarfæri. Það á að skera niður framlag til hans um 25% næstu þrjú ár. Þetta er að gerast víðar: Í styrkjakerfinu, í stuðningi atvinnulífsins við mennta- og menningarmál o.s.frv. Ef fram heldur sem horfir endar þetta með því að tennurnar verða dregnar úr samfélaginu. Það er spurning hvort tungan fær að lafa, eða verðum við kannski mállaus eins og Harpo Marx?

Spyrja má hvaða áhrif það hefur á *umræðuna* að skerða starfsemi meltingarfæra eins og fjölmiðla og háskóla. Það virðist liggja í augum uppi að meltingarvegurinn styttist sem þýðir í raun og veru að einstök viðfangsefni hljóta minni almenna umræðu. Samfélagslíkaminn fer í hjáveituaðgerð, ef svo má segja. En er það slæmt?



Árið 1987 hélt pólski félagsfræðingurinn Zygmunt Bauman því fram að hinir svokölluðu menntamenn – sem er um það bil sami hópur og Harpo Marx var fulltrúi fyrir í byrjun erindisins – að menntamenn gegndu ekki lengur mikilvægu hlutverki við að móta þekkinguna og (sið)menningarleg gildi. Ástæðuna taldi hann vera ákveðna tækni- eða vísindahyggju í rekstri hins opinbera. Hin húmaníska umræðuhefð væri ekki lengur nauðsynleg og varla æskileg við lausn vandamála sem upp kynnu að koma í samfélögum manna. Til þess væru ráðnir sérfræðingar og vísindamenn af öllu hugsanlegu tagi, hinir svokölluðu teknókratar.

Minni almenn umræða held ég að geti gert þetta ástand enn verra. Minni umræða þýðir minna aðhald við kerfið og það getur leitt til kerfishruns, eins og dæmin sanna. Þetta er stóra spurningin: Hvernig gat svo vond hugmynd orðið að veruleika? Var ein ástæðan hugsanlega sú að það gleymdist að taka með í reikninginn ýmis siðferðileg og samfélagsleg gildi vegna þess að áherslan var öll á tæknilegar lausnir? Hefði meiri almenn umræða getað sett hin siðferðilegu og samfélagslegu gildi á dagskrá?

Umræða um þjóðfélagsleg viðfangsefni virðist hafa tilhneigingu til að einangrast innan í litlum kreðsum. Skerðing á starfsemi fjölmiðla hefur augljós áhrif í þessa átt. Og maður óttast að hið sama eigi við um háskólana.

Vilhjálmur Árnason ræðir þátttöku háskólamanna í almennri umræðu í fyrrnefndri grein sinni í *Ritinu* og bendir meðal annars á að vinnumatskerfið hvetji ekki til hennar og heldur ekki hugsjónir um að koma Háskóla Íslands í hóp hundrað bestu skóla heims. Háskólamenn eru hvattir til að birta rannsóknir sínar í erlendum fræðitímaritum. Í vinnumatskerfinu er það einskis metið að taka virkan þátt í almennri umræðu hérlendis, til dæmis með því að skrifa greinar eða gagnrýni í blöðin. Þegar niðurskurðurinn síðan brestur á má gera ráð fyrir að háskólamönnum gefist jafnvel enn minni tími til að sinna almennri umræðu.

En kannski er vandi menntamannsins djúpstæðari en þetta. Hugsanlega hefur menntamönnum einfaldlega ekki tekist að hasla sér völl í nýjum og breyttum heimi sem einkennist síður af hugmyndafræðilegum átökum og hugsjónabaráttu en hagsmunagæslu, umsýslu með völd, peninga og sérfræðiálit, stöðubaráttu og ímyndarmótun. Og að vissu leyti hefur menntamaðurinn ekki lengur jafn skýra stöðu eða ímynd og áður. Hann var til dæmis lykillinn að skilningi á ákveðnum menningarsögulegum grundvallartextum en eftir að múrarnir milli há- og lágmenningar voru rifnir niður hefur menntamaðurinn ekki jafn skýrt túlkunarlegt forræði. Umráðasvæði eða umræðusvæði menntamannsins er með öðrum orðum á reiki. Þetta er kannski skýringin á oft langdregnum, óljósum og óskipulegum deilum um ýmsa hluti í þessu samfélagi. Skilin á milli sérfræðiálita og hugsjóna eru ekki alltaf skýr. Fyrir vikið er hið túlkunarlega forræði í uppnámi. Það er ómögulegt að vita hverju má treysta.

„Vandinn er þess vegna ekki endilega sá að hugvísindamenn hafi verið að beita rangri aðferðafræði heldur sá að þeir náðu ekki nægilega vel í gegn."

FORVARNIR

Það er skemmtileg tilviljun að eftirnafn Harpos skuli vera Marx. Að þessi táknmynd íslenska menningarrýnandans – Harpo hefur sennilega aldrei leikið jafn framandi hlutverk – skuli vera nafni mannsins sem nánast allir hugvísindamenn síðustu aldar og jafnvel þessarar hafa þurft að taka afstöðu til með einhverjum hætti og var þar að auki höfundur þess kenningakerfis sem tapaði stríðinu við kapítalismann í lok síðustu aldar um hvað væri satt og rétt í samfélagsrekstrinum.

Og það vill reyndar svo til að íslenskir verkamenn á akri lista og fræða virðast standa frammi fyrir marxískri spurningu: Er vandinn sá að listamenn, gagnrýnendur og fræðimenn vita ekki eða eru sér ekki fyllilega meðvitandi um hlutverk sitt í efnahagslegu, samfélagslegu og pólitísku tilliti?

Það þarf að rannsaka samspil menningar og samfélags hér á landi. Það þarf að skoða hvernig hugmyndir eins og þær sem lágu að baki útrásaræðinu verða til. En til þess að það sé hægt þarf auðvitað umfram allt að sjá til þess að meltingarfæri samfélagslíkamans geti áfram gert gagn. Það þarf að grípa til forvarna áður en til frekari hjáveituaðgerða kemur. K

Þessi umræða sem ég er að reyna að vekja hér er að sjálfsögðu ekki ný af nálinni enda tel ég að hningun umræðunnar hafi verið nokkuð stöðug undnafarin áratug en hún er að mínu mati mjög vaxandi og farin að hafa mikil áhrif á viðtökur hins almenna lesanda á nýjum bókmenntum. Ég ætla að enda á að vitna í orð Einars Más Guðmundssonar sem lét eftirfarandi orð falla á málþingi um gagnrýni sem haldið var í apríl 1998:

„Ég get sagt ykkur það að það þarf örugglega að leita í önnur sólkerfi til að leita að vitrænni umræðu um list. Og svo má ekki gleyma því að menning er ekki bara listahátíð því hún er allt sem við gefum hvert öðru hversu merkilegt og ómerkilegt sem það í fljótu bragði kann að virðast. Ég segi þetta vegna þess að ég óttast um varðveislu andans og virðinguna fyrir skaplyndi manna í okkar fréttasjúka og tæknivædda heimi þarsem alltaf er verið að tala um hagvöxt og bankamál. Því skáldskapurinn er sendiherra vonarinnar á jörðunni. Hann er forvarnadeild guðs. Fólk veslast upp vegna skorts á ljóðlist. Þó skáldskapurinn afstýri ekki bílslysum þá gerir hann okkur betur búin til þess að takast á við almenna slysahættu mannkynsins. Þetta verður að hafa hugfast á hverjum degi og á degi sem þessum er vert að taka það til alvarlegrar íhugunar."

# ARNSÚGUR

## AF SJÓNARHÓLI

SJÓN

Uppáhaldsorðið mitt er „arnsúgur", skilgreint í fyrstu íslensku orðabókinni sem ég eignaðist (útg. Menningarsjóður 1963) sem „súgur af flugi arnar" en súgur merkir hér „hvinur í lofti". Þar sem ég er fæddur eftir að íslenska haferninum hafði nær verið útrýmt þá get ég ekki með nokkru móti munað hvenær ég lærði þetta orð né hvaðan það fann sér leið í orðaforða minn, en svo djúpum rótum þykir mér það standa í huga mínum að vissi ég ekki betur myndi ég sverja að ég hefði fæðst með það á sínum stað, reiðubúið til notkunar ef tækifæri gæfist. Það er munnlegar menjar um þá tíma að svo mikið var um erni að fólk þurfti sérstakt heiti yfir hljóðið sem myndast þegar vindurinn þrýstist út á milli hinna löngu, fingrum líku fjaðra á vængbroddum þeirra. Eða á vonglaðari nótum:

„Arnsúgur": Orð sem bíður þess að ganga í endurnýjun lífdaga.

Það var ekki fyrr en á þrítugastaogáttunda afmælisdegi mínum að ég sá örn í fyrsta sinn. Afmælisgjöfin frá konu minni og tveimur börnum var óvænt sigling milli eyja og skerja á Breiðafirði. Þá hafði íslenski haförninn verið friðaður um nokkurt skeið og hásetinn sagði okkur að nokkur arnarpör ættu sér hreiðurstað á eyjum úti á firðinum. Þegar við höfðum siglt góða stund lónaði báturinn með einni af smáeyjunum og mér til mikillar gleði birtist þar stórvaxinn fugl, örn sitjandi á biksvartri klettasnös. Skipstjórinn hægði á bát sínum svo við gætum notið þess að skoða þessa stærstu dóttur hins vindasama himins yfir landinu okkar. (Já, í gamla daga var orðið örn kvenkynsorð í íslensku.) En þvert á hvíslaða ósk mína hóf örninn sig ekki til flugs, heldur sat hann grafkyrr og virti fyrir sér hóp hinna agndofa fuglaskoðara. Í stað þess að breiða út arnarvængi sína með hvínandi hljóði umvafði fuglinn mig þögninni með hviklausu augnaráði rándýrsins.

Aðeins einu sinni hef ég notað orðið „arnsúgur" í skrifum mínum. Það er í málsgrein í skáldsögunni *Augu þín sáu mig* sem lýsir því þegar erkiengillinn Gabríel er að hlusta á algeimsvindana leika í fjöðrum hinna undursamlegu útbreiddu vængja sinna, þar sem hann stendur á jarðarkúlunni, albúinn að þeyta heimsslitalúðurinn sinn. Þennan dag á Breiðafirði var ég að vonast til að heyra hvernig það hljómar, en þar til ég hef með mínum eigin eyrum orðið vitni að því sem uppáhaldsorðið mitt lýsir mun ég ekki vita hvort hljóðin eru sambærileg, hvort notkun mín á orðinu „arnsúgur" er þóknanleg örnum og englum. K

# HUGSUN UM HUGTAK : ÚTRÁSARVÍKINGUR

Árið 2006 gekk ég til liðs við rannsóknarhópinn *Ísland og ímyndir norðursins* sem hlaut öndvegisstyrk Rannís árið 2007. En um það leyti voru hugtökin „útrás“ og „útrásarvíkingar“ farin að hljóma ótt og títt í íslensku samfélagi og þótti mér vert að beina sjónum mínum sérstaklega að þeim í rannsókn minni.

KATLA KJARTANSDÓTTIR

ÞJÓÐFRÆÐINGUR

Ákveðin meginþemu eða leiðarstef má stundum greina síkvikri samfélagslegri orðræðu – og samræðu. Stundum hefur því verið haldið fram, í anda Foucault, að orðræðu af þessu tagi sé „stýrt að ofan“ - að hún sé á einhvern hátt hegemónísk. Þá er átt við að það séu einkum hinir ýmsu ráðandi „hagsmunaðilar“ þjóðfélagsins sem stýri megininntaki hennar. Þemu sem ítrekað skjóta upp kollinum og hljóta tiltekna merkingu í þjóðernislegu samhengi. Vegna stöðugrar og síendurtekinnar notkunar fá þau aukinn þunga og margir hætta að velta fyrir sér raunverulegri merkingu þeirra. Ég vil meina að hugtökin „útrás“ og „útrásarvíkingar“ hafi gegnt slíku hlutverki hér á landi síðustu ár. Stöðugt var hamrað á þeim í fjölmiðlum og sjaldan var sett spurningarmerki við notkun þeirra. Innan þessarar orðræðu var ekki efast um markmið „útrásarinnar“ og hinum „nýju víkingum“ var ætlað stórt hlutverk. Þeir voru að leggja heiminn að fótum sér og enginn vogaði sér að segja einsog blessað barnið forðum: „Já, en þeir eru berrassaðir!“

Nú þegar pótemkíntjöldin hafa fallið veltir maður fyrir sér hvers vegna hljómgrunnurinn varð eins öflugur hér og raun ber vitni. Margar og ólíkar skýringar liggja eflaust þar að baki en án efa spilar þjóðernisvitund stóra rullu í þessu sambandi. Í því sambandi koma í hugann ræður forseta Íslands sem hann hélt bæði hér heima og erlendis. Einna frægust er líklega ræða sem hann hélt í sal Þjóðminjasafns Íslands í janúar 2006 sem bar heitið ÚTRÁSIN – UPPRUNI, EINKENNI, FRAMTÍÐARSÝN þar sem hann tengdi óhikað „hina nýju viðskiptaútrás“ við útrás Íslendinga fyrr á öldum. Orðrétt sagði hann þar: „Hinir fyrstu Íslendingar voru svo sannarlega útrásarfólk, jafnvel svo afgerandi að þau sem nú gera garðinn frægan blikna í samanburði“ og svo stuttu síðar: „Liðsheildin sem hér nam land var hluti af samfélagi víkinganna þjóðflokkum sem voru á árabilinu 800-1000 víðförlasta fólkið í veröldinni og hikuðu ekki við að sækja sér frægð og frama um langan veg.“ Ræðuna í heild má finna á vef forsetaembættisins.

En í þessu sambandi má einnig benda á bók Guðjóns Friðrikssonar *„Saga af forseta“* þar sem skýrt kemur fram með hvaða hætti Ólafur Ragnar byrjaði að greiða leið hinna ýmsu útrásarfyrirtækja fljótlega eftir að hann varð forseti. Í tengslum við innrás íslenskra fyrirtækja í Serbíu, Kína og Indlandi kom forsetaembættið sem dæmi að málum með margvíslegum hætti. Í heimsókn sinni til krónprinshjónanna í Belgrad viðkennir Ólafur t.d. í bókinni að raunverulegur tilgangur ferðarinnar hafi verið að „koma á viðræðum í þágu íslenskra fjárfesta í Serbíu“ einsog orðrétt segir á bls. 426 í nefndri bók. Tengsl forsetaembættisins við umsvif íslensku bankanna eru svo sérkapítuli útaf fyrir sig og má lesa allt um það í hinni ágætu bók Guðjóns.




„Þeir voru að leggja heiminn að fótum sér og enginn vogaði sér að segja einsog blessað barnið forðum: „Já, en þeir eru berrassaðir!““

Í samtali við RÚV árið 2006 sagði enda hr. Ólafur Ragnar sjálfur að hann teldi mikla þörf á slíkum ræðum. Þegar hann var spurður að því hvort hann sem forseti ætti að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir íslenskt efnahagslíf svaraði hann svo til:

„Já, mér finnst vera þörf á því vegna þess að orðspor viðskiptalífsins á Íslandi, orðspor efnahagslífsins, er orðið það mikilvægt fyrir það álit sem við Íslendingar njótum í veröldinni að það er alveg nauðsynlegt að rétta þar hjálparhönd, alveg einsog ég hef gert, og fyrirrennarar mínir gagnvart menningunni og arfinum. Staða Íslands í veröldinni í dag er orðin mjög háð því að menn líti með jákvæðum augum á það sem okkar athafnamenn eru að gera.“

En með slíkum áherslum ýttu sumsé ráðandi öfl í samfélaginu óspart undir þessa makalausu hugmynd að Íslendingar væru einhvers konar afburðafólk og hefðu einhverja ótrúlega yfirburðarhæfileika á sviði viðskipta. Hæfileika sem, samkvæmt þessari orðræðu, mátti rekja aftur til fortíðar íslensku þjóðarinnar, eða einsog Hr. Ólafur Ragnar orðaði það: „Lykillinn að árangrinum er fólginn í menningunni og arfleifðinni og heimanfylgja útrásarvíkinganna var sótt í sameiginlega þjóðarvitund.“ En með þessum hætti léku menn sér með þessi óljósu hugtök „menningararfur“ og „þjóðernisvitund“ í því augnamiði að skapa hér sameiginlegt þjóðarstolt og slá þannig á gagnrýnisraddir.

# KROSSGÁTAN

STEINÞÓR STEINGRÍMSSON & ÖLVIR GÍSLASON



**LÁRÉTT**

2. „Funheitur, fleiri ár og öld. Dansa alla daga, frá morgni fram á kvöld.“
6. Þekktasta hlutverk dvergsins Kennys Baker.
7. Elsta dýr sem fundist hefur á lífi.
13. Pútín er ekki þekktur fyrir að vera tígrisdýrabani, hvað þá fyrir aðdáun sína á lakkrís. En hann þekkir fangbrögð Rauða hersins betur en flestir aðrir. Hvaða orð sameinar þetta allt?
15. Vinsæl kökutegund sem dregur nafn sitt af umbreyttum, endurkristölluðum kalksteini, sem gjarnan er notaður í höggmyndir og skrauthýsi?
16. Hann var annar tvíbura, en tvíburabróðir hans lést við fæðingu. Hann lifði hratt og dó ungur, 42 ára. Hann lék í kvikmyndum á borð við Harum Scarum, Speedway og Fun in Acapulco, en er þekktari fyrir söng. Hvað hét hann?
18. Fóbos, eimos, skattframtal og súkkulaði.
19. Indverjar tóku ekki þátt í HM 1950 vegna deilna um notagildi þessa fyrirbæris.
20. Eru þeir kannski menn?
21. Ekki stöðugt brugðið, heldur slétt og brugðið til skiptis.
23. Sumir tala mikið um þrjú svona, aðrir tengja þetta við mjólk, vandfundinn blett, upplýsingar frá Vegagerðinni eða MS.
25. Hann er enginn bankamaður heldur ódauðlegur seiðkarl og færasti skylmingameistari allra tíma. Hann fæddist fyrir 47 þúsund árum á Atlantis. DC Comics gaf út 35 myndasögublöð um hann á níunda áratugnum, en hvað heitir hann?
27. Pálmi Gestsson, Grímur Atlason, „Ástarvika“.
29. Verðbólgan drap fimmeyringinn en þó ekki „fimmaurabrandarann“. Á framhlið fimmeyringsins frá 1981 var mynd af gammi, en hvaða sjávarskepna var aftan á honum?
30. Bubbi Morthens, Valgeir Guðjónsson og smokkurinn, sem „má alls ekki vera neitt feimnismál“. Eða mátti það í það minnsta ekki árið 1987, svo við setjum einhverja varnagla á þetta.
33. Hljómsveitirnar The Coasters, The Rolling Stones og The Hollies hafa allar varað við brenninetlum í vinsælu lagi. En hver hvöttu til óvarlegrar notkunar á þessari háskalegu jurt haustið 2007?
34. Smjör, haframjöl, hveiti, sykur, lyftiduft og rabarbarasulta. Þegar þessum hráefnum er blandað saman í réttum hlutföllum og farið með þau á réttan hátt, eiga þau nokkuð sameiginlegt með steininum sardonyx. Hvað er það?
36. Hann var tónelskur Norðmaður þó hann hafi aldrei verið í A-ha, hvað þá Bobbysocks. Engu að síður hefur hróður hans borist víða, enda þekkja ekki færri Dofrahöllina og Söng Sólveigar en Take on Me og Cry Wolf.
38. Hann var ekki bara Íslandsvinur heldur var honum líka afar hlýtt til Elvisar. Hann var þó enginn svikahrappur, ekki frekar en Anthony Hopkins.
40. Tvær af eftirminnilegustu persónunum í íslenskum kvikmyndum bera sama nafn. Annar er bónusvíkingur í Vestmannaeyjum, en hinn bifvélavirki og Breiðhyltingur. Hvað heita þeir?
42. Kóreustríðið, Rauði krossinn, einn læknir, 42 hjúkrunarkonur og Kim Larsen. Hvaða dægurlag tengir þetta allt?

**LÓÐRÉTT**

1. Sálin hans Jóns míns leitaði hans, Júlíus Þorbergsson rekur hann við Rauðarárstíg í Reykjavík, Freyja framleiðir hann og sumir segja að hann felist í samvistum við hermann. Hvað er hann?
3. Fyrir borgarstjórnarkosningar vantaði þetta í borgina. Það var því sett í þriðja sæti á lista eins framboðsins. Eftir kosningar vantaði þetta þó enn í borgina. Hvað er þetta?
4. Spurt er um nýyrði, eignarfallssamsetningu sem birtist fyrst á prenti á forsíðu tímaritsins Sirkus árið 2005. Það lýsir tiltekinni manngerð og þykir oftast niðrandi. Orðinu hefur brugðið fyrir í texta eftir Megas. Hvert er orðið?
5. Hvaða orð getur þýtt hvort tveggja, afkomandi og kliður í rennandi vatni?
8. Síldarkóngur er sjaldgæfur fiskur, sem er sjaldséður við Sogaveg 3 í Reykjavík. En hver ræður þar ríkjum?
9. Þessi Dani er hvergi smeykur þótt hann standi í stórræðum. Hann missti minnið, leitaði að týndum lögregluþjóni og barðist við brennuvarga, bankaræningja, frímerkjaþjófa og ilsiginn mann. Hvað heitir Daninn knái?
10. Millinafn krullhærða sjónvarpsmannsins Egils Helgasonar.
11. Þeir eru mikilvæg amboð prófarkalesara og tengjast einnig stéttabaráttu á Íslandi sterkum böndum. Þeir stofnuðu Mál og menningu og hötuðust við öfgafulla þjóðernis- og kynþáttastefnu. Hverjir, eða hvað, eru þeir?
12. Sumarið 1987 kom súkkulaðigosdrykkurinn Súkkó á markað og vakti mikla athygli fyrir frumlegt bragð. Hvaða svaladrykkjaframleiðandi færði okkur Súkkó?

FRAMHALD Á SÍÐU 23

# Slow fashion

**Á undanförnum árum hefur orðið vitundarvakning meðal erlendra hönnuða og fatafyrirtækja á umhverfisvænni og siðrænni framleiðslu. Ýmsir eru farnir að framleiða sérstaklega siðræna tískulínu sem virðist vera vaxandi markaður fyrir.**

HARPA LIND HRAFNSDÓTTIR

Breski fatahönnuðurinn Katharine Hamnett er einn helsti frumkvöðull siðrænnar tísku og hannar föt undir eigin merki. Hún hefur getið sér gott orð fyrir að sýna samfélagslega ábyrgð og sýnir fordæmi hennar að ef viljinn er fyrir hendi er hægt að stuðla að viðhorfsbreytingu í tískuheiminum.

Á vefsíðu sinni gerir hún grein fyrir rannsókn sem hún lét framkvæma, sem leiddi í ljós að fataiðnaðurinn notar meira vatn en nokkur annar iðnaður, að landbúnaði undanskildum. Fataiðnaðurinn dælir út í umhverfið geysilegu magni eiturefna og gríðarlegt magn rafmagns og olíu er notuð í framleiðslu og flutning á vörunum milli landa. Jafnframt er iðnaðurinn ábyrgur fyrir mikilli losun koltvísýrings og gróðurhúsalofttegunda. Hamnett líkir vinnuaðstæðum verkafólks í fataiðnaði víða við nútíma þrælahald, þar sem fjöldi fólks vinnur, réttindalaust og fyrir lítinn pening, í svokölluðum *sweat shops.*

### AUKIN SALA LÍFRÆNNA EFNA

Annar frumkvöðull siðrænnar tísku er danski hönnuðurinn Peter Ingwersen, sem framleiðir fatnað undir danska tískumerkinu Noir. Föt hans eru framleidd úr lífrænum efnum og á siðrænan hátt. Fyrirtækið vinnur eftir viðmiðum Hnattræna sáttmála Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact). Við undirritun hans skuldbinda fyrirtæki sig til að fylgja tíu viðmiðum á borð við að brjóta ekki á mannréttindum og að virða umhverfið. Á fyrirlestri á Norræna tískutvíæringnum, tískuráðstefnu sem haldin var í Norræna húsinu árið 2009, ræddi Peter um hvernig hann hefði alls staðar rekist á veggi er hann leitaði að lífrænum efnum til að nota við hönnun sína. Bæði hefði verið erfitt að nálgast lífræn efni og þau efni sem voru til á markaðnum hafi ekki uppfyllt kröfur hans um gæði.




Að lokum réðst hann í lífræna framleiðslu á eigin bómull í Afríku og er von hans að hann í framtíðinni geti selt textíl til annarra fyrirtækja.

Levi´s og fleiri stórar verslunarkeðjur hafa reynt að koma til móts við auknar kröfur neytenda með því að selja gallabuxur úr lífrænni bómull. H&M selur ungbarnaföt undir merkjum evrópska blómsins og Stella McCartney, Oasis og Top Shop hafa sett á markað lífrænar fatalínur. Hægt er að finna mörg fyrirtæki sem selja siðrænan tískuvarning, sérstaklega á netinu. Brynhildur Pétursdóttir, ritstjóri Neytendablaðsins, spáir því að „fast fashion", eða óumhverfisvænn fatnaður með stuttan líftíma, verði á undanhaldi og „slow fasion" sé það sem koma skal. Að hennar mati ættu íslenskir hönnuðir að nýta sér tækifærið, gera út á siðræna framleiðsluhætti og auglýsa þá.

### HAFA LÍTIÐ VELT ÞVÍ FYRIR SÉR

Árið 2007 könnuðu Neytendasamtökin úrvalið af umhverfisvænum neysluvörum á Íslandi. Virtist vera mjög lítið úrval af umhverfismerktum textílvörum á markaðnum og enginn fatnaður fannst sem bar vottað umhverfismerki á þeim tíma. Svo virðist sem lítið hafi breyst á síðastliðnum þremur árum. Blaðamaður fór á stúfana og gerði stutta könnun meðal nokkurra fatahönnuða og fatafyrirtækja í miðbæ Reykjavíkur. Haft var samband við fimmtán íslensk fatafyrirtæki og þau spurð nokkurra spurninga sem tengjast framleiðsluferlinu og umhverfisvænum efnum. Einungis sex fyrirtæki svöruðu spurningunum. Af þeim framleiða þrjú fyrirtæki allar sínar vörur á Íslandi, eitt framleiðir bæði hér og úti, en tvö eru með alla framleiðsluna erlendis.

Af viðbrögðum fyrirtækjanna virtist ekki mikill almennur áhugi að ræða framleiðsluferli varanna, því einungis tæplega þriðjungur svaraði spurningum blaðamannsins. Frásagnir fatahönnuða gefa jafnframt til kynna að þeir eru lítið að velta siðrænni tísku fyrir sér og að undantekning sé að viðskiptavinir spyrjist fyrir um það hvar og hvernig varan er framleidd.

**SWEATSHOPS** eða stritstöðvar, kallast verksmiðjur þar sem yfirmenn brjóta stöðugt lög um öryggi, lágmarkslaun og vinnuaðstæður. Oft á tíðum er heilbrigðiseftirlit virt að vettugi og barnaþrælkun við líði. Verkafólki er hótað uppsögn ef það mótmælir eða leitar réttar síns. Jafnframt á verkafólk oftar en ekki á hættu að verða fyrir miklu heilsutjóni, vegna eiturefna sem unnið er með.

**SIÐRÆN NEYSLA** felst í því að versla hjá söluaðilum og framleiðendum sem axla samfélagslega ábyrgð. Það felur í sér að vörurnar eru framleiddar í samræmi við siðferðileg grundvallargildi; Að hvorki manneskjur né náttúra hafi þurft að þjást við gerð vörunnar. Neytendur geta jafnvel valið að sniðganga ákveðin vörumerki. Í því felst í raun ákveðið pólitískt vald, sem getur neytt fyrirtæki sem stendur frammi fyrir minnkandi eftirspurn að axla frekari ábyrgð.

FRAMHALD AF SÍÐU 22

14. Hann er enginn athafnastjórnmálamaður heldur vill hann byrja á að skrifa niður og hugsa málið vandlega. Eiginkona hans er kostakona sem kann að sjóða mat. Hver er hann?
17. Listahátíð þar sem „Gyllti lundinn" er veittur fyrir bestu listaverkin.
20. Hvorki Sverrir né Katrín og þó sumir kunni að halda annað af skrifum hans, heldur ekki Stalín.
22. Ætur gjaldmiðill í samningaviðræðum Snata og Óla, en þó ekki hefðbundinn hundamatur.
24. Ríki í Afríku. Þangað sóttu nýfrjálsir þrælar áður fyrr, enda minnir fáni ríkisins mikið á fána stórs ríkjabandalags í Ameríku.
26. Þekkist auðveldlega á svörtu rákinni sem liggur eftir henni endilangri og er samkvæmt þjóðtrú ummerki eftir átök við kölska.
28. Jónsi. Sóló.
29. Góðglaður golfáhuga- og stjórnmálamaður. Rauðhærður hamborgarasali. Ástsæll sjónvarpssprellari og fyrrum stjórnarmaður í SUS. Allir þessir menn. Eitt orð. Hvert er orðið?
31. Eiginkona Alexeis Karenín
32. Framtakssamir verkamenn í Lundúnum árið 1886. Knattspyrnuliðið Dial Square FC. Nafnabreyting.
33. Orkuboltar og landar Bryans Adam.
35. Í fleirtölu er þetta mikilvægt amboð sjúkraflutningamanna. Í eintölu getur það verið arabískt mannanafn, þorp í Svíþjóð eða hljómsveit frá Akureyri.
37. Bogi Ágústsson vill ekkert svona kjaftæði!
39. Orð sem getur ýmist átt við klafa, kúgun, bungu, jökul eða verið samtenging.
41. Heiðarleiki, almannahagsmunir, 668 Reykvíkingar vorið 2010.

LAUSN KROSSGÁTUNNAR VERÐUR BIRT Á WWW.KRITIK.IS 15. JÚNÍ

## SKÁKÞRAUTIN

GUNNAR MAGNÚSSON

**Helgi Ólafson lék ótrúlegum leik í skák sinn við Levitt á Reykjavíkurmótinu 1990.**

H. OLAFSSON - LEVITT, REYKJAVIK 1990
1.c4 Rf6 2.Rc3 e6 3.Rf3 c5 4.g3 b6 5.Bg2 Bb7 6.O-O Be7 7.d4 Re4 8.Rxe4 Bxe4 9.Bf4 O-O 10.dxc5 bxc5 11.Qd2 Qb6 12.Hfd1 Hd8 13.Qe3 Qb7 14.Bd6 Bxd6 15.Hxd6 Qxb2 16.Had1 Qb7



Hvítur leikur og vinnur.
Nú er góður leikur hjá hvítum að drepa peðið á c5 með drottningu – en Helgi finnur betri leik sem er algjör snilld.

Lausn:
17. Hxe6 fxe6 18.Rg5 h6 (18 – Bxg2 19. Dxe6! dxe6 20.Hxd8 mát. Eða 19.- Kh8 20. Rf7 Kg8 21. Rh6 Kh8 22.Dg8 Hxg8 23. Rf7 mát.) 19.Rxe4 Rc6 20.Rxc5 Qc7 21.Rxd7 Rac8 22.Qxe6+ Kh8 23.Be4 Re7 24.Hd6 Qxc4 25.Qxe7 Qc1+ 26.Kg2 He8 27.Qf7 Hxe4 28.Hg6 Hg8 29.Rf6 Qc4 30.Hxh6 og svartur gaf.

## HVÍLÍKIR TÍMAR, HVÍLÍKIR SIÐIR

# Lesstofur alþýðu

ÞORLÁKUR EINARSSON

„Tvöfaldan soja-latte með heslihnetu" heyrði ég mann á mínu reiki panta þar sem ég var staddur í bókabúð á Skólavörðustíg. Ég fylltist hryllingi og ólund og fann hve dapurlega var fyrir menningarástandi þjóðarinnar komið. Ótal tilfinningar fóru um mitt litla hjarta við að heyra þessa setningu. Í fyrstu hneykslaðist ég á smekkleysi mannsins í drykkjarvali og hversu illa komið væri fyrir karlmennsku á Íslandi þegar menn geta látið svona nokkuð út úr sér án nokkurrar smánar og jafnvel af einhverju yfirlæti. En að síðustu hugsaði ég hversu illa væri komið fyrir bóksölu í miðborg Reykjavíkur. Í mínu minni voru flaggskipin tvö, Eymundsson í Austurstræti og Mál & Menning á Laugavegi, en fyrir mína tíð var í hópi stórra bókabúða í miðbænum Snæbjörn Jónsson í Hafnarstræti sem sérhæfði sig í bókum á ensku. Auk þeirra voru margar smærri ritfangaverslanir með eitthvað af bókum auk þess sem fornbókaverslanirnar voru mun fleiri. En svo tók óheillaþróunin við.

Miðbænum hnignaði allan tíunda áratuginn (má rekja aftur til opnunar Kringlunnar 1987) og þótt bókaverslanirnar væru lífseigari en t.d. raftækjaverslanir í miðborginni varð þar líka breyting á. Smærri verslanir hurfu og eftir urðu fáeinir risar. Risarnir treystu sér ekki til þess að selja einungis bækur heldur fóru að selja hvers kyns gjafavöru með bókunum. Í kringum aldamótin síðustu fengu bóksalar þá sniðugu hugmynd erlendis frá að gott væri að selja kaffiveitingar samhliða bókunum. Með því hleyptu þeir stórkostlegu meini inn á sig því að kaffisalan hefur hægt og bítandi ýtt bókunum til hliðar sem sjá má í nýrri verslun Eymundsson við Skólavörðustíg sem er gríðarstórt kaffihús með nokkrum bókum og tímaritum til skreytingar. Ég skildi aldrei og skil ekki enn hvernig það gat verið arðbært að leyfa hálfum bænum að þamba kaffi í bókabúðum og lesa bækur og tímarit frítt og í mesta lagi sulla á bækurnar og slíta þeim út.

Bókin er kannski á undanhaldi og hægt og rólega að verða úreltur miðill. Bókabúðir eru opnar fram á kvöld og selja kaffi sem aldrei fyrr en mest lítið af bókum. Þær hafa breytt um eðli og eru orðnar félagsheimili eða lesstofur alþýðu. Einkaframtakið hefur þá tekið við því sem venjulega hefur verið hlutverk hins opinbera, þ.e. að halda upplýsingu ókeypis að alþýðunni. Sú lesstofa sem sannarlega var ætluð alþýðu, aðalsafn Borgarbókasafnsins, er ákaflega misheppnuð. Þessar síðustu dreggjar póstmódernísks arkitektúrs minna einna helst á umferðarmiðstöð þar sem dúklagningarmeistara hefur verið gefinn laus taumurinn. Ekkert hefur verið gert til að tempra hljóðmengun þannig að þar gefst lítið tóm til lestrar og íhugunar.

Sjálfur á ég þátt í að grafa undan rekstri bókaverslana. Netverslun eins og Amazon reynist ódýrari, skilvirkari og þægilegri en pöntunarþjónusta bókaverslana. Kunningi minn er þeirrar skoðunar að brátt muni græjur eins og i-Pad og kyndillinn leysa bókina af hólmi. Verður þá vart spornað við því að lesstofur alþýðu í framtíðinni verði uppfullar af fróðleiksfúsum sálum, sem drekka soja-latte og lesa Stríð og frið á i-Pödunum sínum.

## AFTANFRÁ



# Pönk er ekki spennitreyja

MYND ÁRNI TORFASON

Bókamaðurinn og tónlistarmaðurinn Óttar Proppé hefur pönkast í gegnum lífið frá unglingsárunum. Hann hefur komið víða við á litríkum ferli. Tilhugsunin um að vera orðinn pólitíkus er honum enn framandi og erfið en hann telur þó varla að þetta geti verið miklu erfiðara en að mæta til vinnu á hverjum degi.

ÞÓRARINN ÞÓRARINNSSON TOTI@KRITIK.IS

**Ertu alvöru pönkari?**
Ég er svo mikill pönkari að ég vil ekki skilgreina pönkið en ég finn sko alltaf meira og meira hversu pönkið hefur mikil áhrif á mína afstöðu. Lífssýn mína í raun og veru. Ekki þannig kannski að Sid Vicious sé einhver fyrirmynd mín en þetta attitjúd, einhvern veginn, að neita sér að vera hræddur við hlutina. Vaða í hlutina, læra af því að gera þá. Þetta attitjúd finn ég bara að ég get notað og er alltaf að nota það á nýjum og nýjum sviðum þar sem það má ekki nota það.

**Nú er alltaf verið að djöflast í Bubba greyinu fyrir að vera "sell out" og svikari. En hvað með þig? Mega pönkarar keppa í Eurovision og leika í Vodafone-auglýsingum. Ert þú kannski svolítið að svindla?**
Ja, eins og ég segi. Það er kannski pönkarinn í mér. Ég vil ekki skilgreina pönk sem spennitreyju. Pönkari má auðvitað vera í Eurovision. Það er pönk að vera í Eurovison ef þú ert ekki að setja þig undir reglur Eurovision, skilurðu? Svo er nú eitt af því sem kemur að þessu líka að það er ekkert hættulegt að mistakast. Ef þér mistekst eitthvað þá er náttúrlega aðalatriðið að tína sig saman og gera betur. Eða snúa sér að einhverju sem hentar manni betur. Ég stökk á Eurovision vegna þess að ég er náttúrlega alinn upp meðvitaður um fyrirbærið og finnst það intressant þótt ég hafi aldrei getað ímyndað mér sjálfan mig í því. Síðan þurfti bara eitt símtal frá Gunna sem spurði hvort við ættum að gera eitthvað saman. Og þá spurði ég mig strax hvernig maður gæti snúið upp á þetta og gert eitthvað úr því. Burtséð frá því hvort mér hafi tekist eða mistekist. Ég náttúrlega vann enga keppni og komst ekki áfram eða hvað það heitir. Varð ekki frægur á evrópska Eurovision-planinu. Það var nú líka kannski ekki ætlunin. En ég efast um að það sé næsta verkefni hjá mér að fara aftur í Eurovision.

**Þú tekur þá semsagt ekki upp á einhverju svona bara til þess að eiga fyrir salti í grautinn?**
Ég hef nú reyndar hingað til verið í fastri launavinnu. Einn af fáum jafnöldrum mínum sem hef verið í sömu vinnunni í tuttugu ár. Ég er mjög feginn því að þurfa ekki að láta peninga hafa áhrif á mínar ákvarðanir þegar kemur að list og svoleiðis. Ég get þá bara niðurgreitt það með laununum mínum. Ég hef verið að sullast svona í bókabransanum. Ég er reyndar að flytja mig núna yfir í útgáfuendann til Crymogea. Þannig að maður er alltaf í þessum sama bransa. Þetta er samt í fyrsta skipti sem ég skipti um vinnu sko, síðan ég byrjaði. En hins vegar er búið að selja mig, sameina mig og yfirtaka mig nokkuð oft. Þegar ég taldi það þá hefur það verið tíu sinnum frá 2000.

**Er Besti flokkurinn pönk?**
Eins og ég skil pönk, já. Við Jón [Gnarr] kynntumst þegar við vorum 14, 15 ára, eitthvað svoleiðis. Á pönktímanum. Og við náðum náttúrulega voða mikið saman í pönki einhvern veginn. Sátum og hlustuðum á Clash og lásum Þórberg fyrir hvor annan. Það var svona sirka stemningin. Jón hefur alltaf verið í pönki og þetta er hópur af fólki sem hefur áhuga á umhverfinu en hefur kannski ekki verið velkomið í fullorðinsliðið. Það sem ég kalla alvarlega deildin. Fólkið sem tekur sig mjög alvarlega og veit hvað er fyrir bestu. Við höfum áhuga á umhverfinu í kringum okkur en höfum ekki fundið okkur í einhverri maskínu sem er í kringum það. Það að kalla þetta fólk saman og búa til framboð er í rauninni, hvað eigum við að segja, að ráðast á maskínuna en líka náttúrlega að bjóðast til að labba inn í hana. Þannig séð er það djöfuls rosa pönk. Við erum svona að stíga út í djúpu laugina og sjá hvað gerist.

**En hvað ert þú að pæla með því að fara út í pólitík. Nú sýnist manni nú borgarstjórn vera frekar hallærislegur og leiðinlegur staður til þess að vera á. Heldurðu að þú getir enst þarna í fjögur ár?**
Sko. Ég hef engar sérstakar áhyggjur af því. Ég hef setið fullt af fundum um ævina. Ég hef mætt í vinnuna á hverjum degi og þetta er ekkert óyfirstíganlegt. Ég er náttúrlega búinn að hugsa þetta svolítið vegna þess að við förum kannski af stað í meiri hálfkæringi sko. Og það að ímynda sér að maður sé kominn í pólitík er ennþá dálítið erfið tilhugsun en ég er í pólitík út af andúð á pólitík. Til þess að reyna þá að breyta pólitíkinni. Ef Ráðhúsið er svona ógeðslega leiðinlegt þá þarf að reyna að gera eitthvað þannig að það sé ekki alveg jafn leiðinlegt.

**Nú er Ólafur F. Magnússon kannski búinn að vera einn hressasti borgarfulltrúinn á kjörtímabilinu. Svolítið flippaður. Ykkur hefur ekki dottið í hug að fá hann í baráttusæti?**
Hann náttúrlega er alveg fullfær um að finna sér stað til að vera á, þar sem hann kemst í baráttusæti, skulum við segja. Ólafur hefur í raun og veru barist fyrir mörgu góðu. Hins vegar þá sýnist mér hann að mörgu leyti hafa verið mjög óeffektívur. Honum gengur ekki að ná fólki saman. Mér er dálítið tamt að hugsa út frá tónlistarbransanum vegna þess að ég hangi þar og hann er dálítið eins og besti söngvari í heimi sem gæti aldrei náð saman góðu bandi. Hann er dálítið þannig.

> "Pönkari má auðvitað vera í Eurovision. Það er pönk að vera í Eurovison ef þú ert ekki að setja þig undir reglur Eurovision, skilurðu?"

**Hvernig náungi er þessi Einar Örn Benediktsson? Er hægt að vinna með honum?**
Einar er náttúrlega ólíkindatól en mikið séní og snillingur. Ég rifja það stundum upp þegar ég kynntist honum. Hann er nokkrum árum eldri en ég og var byrjaður í bransanum. Svona fyrstu tíu, fimmtán skiptin sem ég hitti hann þá gekk hann að mér og sagði mér að halda kjafti og jafnvel ýtti við mér eða eitthvað. Svo kom hann einhvern tíman eftir tónleika og sagði okkur að halda kjafti og bauð okkur síðan plötusamning. Svo næst þegar við hittum hann þá sagði hann okkur aftur að halda kjafti. Hann er pönkari en hann er svona pönkari sem kann að vinna.

**Má þá búast við að orðbragðið verði óheflaðra á borgarstjórnarfundum þegar þið takið sæti þar?**
Það á nú eftir að koma í ljós. Ég hef náttúrlega aldrei verið á borgarstjórnarfundum þannig að ég veit ekki hvernig það er.

**Hvenær megum við eiga von á næstu kveðjutónleikum HAM?**
Við erum búnir að vera að undirbúa heilsutónleika í nokkur ár.

**Heilsutónleika?**
Okkur langar í raun til þess að byrja að vinna aftur og þróa aðeins áfram það sem við vorum að gera í gamla daga. Stefnan er búin að vera síðustu þrjú, fjögur árin að koma með það sem við köllum heilsutónleika. En það er nú þegar búið að taka þrjú ár þannig að það gæti tekið smá tíma.

**Hlustarðu á Útvarp Sögu?**
Já, ég geri það. Oft. Yfirleitt í frekar litlum skömmtum. Hún halaði mig inn á sínum tíma inn með lesnu auglýsingunum frá Heilsubúðinni í Hafnarfirði. "Bláber. Nýtt á markaði. Bláber."

**Sækirðu pólitískan innblástur til útvarpsstöðvarinnar?**
Njee. Það er oft skemmtilegur kjafthóttur þarna. Ég hef sérstaklega gaman að Lobba oft. Hann er svona maður sem þorir að stökkva út fyrir málefnin og segja eitthvað. En annars þegar kemur að útvarpi og fjölmiðlum almennt þá finn ég minni þolinmæði. Það er annað hvort aldurinn eða tíðarandinn. Það eru fáar útvarpsstöðvar sem hanga inni allan daginn í bílnum hjá mér.

KRÍTÍK
VERTU MEÐ FRÁ UPPHAFI
- Í HAUST HEFJUM VIÐ
VIKULEGA ÚTGÁFU

FJÁRFESTIR
Hafðu samband við okkur og við veitum þér innsýn í áætlanir okkar. www.kritik.is - kritik@kritik.is

KÆRI LESANDI
Ekki missa af okkur í haust.
Skráðu þig í áskrift á www.kritik.is

KRÍTÍK.IS